| **Alls** | 2611 | 100.0 | 2201 | 100.0 | 410 | 84.1 |

| Kyn | | |
|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall |
| Karl | 2201 | 83.6 |
| Kona | 410 | 15.6 |
| Fyrirtæki | 22 | 0.8 |
| **Alls** | **2633** | 100.0 |

## 2.3. Einstakir brotaflokkar

Hér að neðan er að finna yfirlit yfir afdrif mála er varða manndráp, stórfelldar líkamsmeiðingar, stórfelld fíkniefnabrot og kynferðisbrot, sem bárust ríkissaksóknara árið 2012 og er miðað við stöðu málanna um áramótin 2012/2013. Til samanburðar eru einnig tölur vegna áranna 2008 til 2011. Það athugist að eitt mál kann að varða fleiri en eitt brot. Sömuleiðis kann ákæra að varða fleiri en eitt brot. Þess er sérstaklega getið ef fleiri en eitt mál eru sett saman í ákæru. Þess er hins vegar ekki getið ef fleiri en eitt brot eru í málinu, í þeim tilvikum er einungis tilgreint brotið sem varðar þyngstri refsingu.

**Manndráp (211. gr. hgl.)**

| | Gr. | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæsta-rétti | Sakfellt í Hæsta-rétti | Ódæmt í Hæsta rétti | Óafgr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2008 | | 2 | 0 | 0 | 2 | 100 | 0 | 0 | 2 | 100 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 |
| 2009 | 211. | 1 | 0 | 0 | 1 | 100 | 0 | 0 | 1 | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2009 | sbr. 20. | 4 | 0 | 0 | 4 | 100 | 1 | 25 | 3 | 75 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| 2010 | 211. | 2 | 0 | 0 | 2 | 100 | 0 | 0 | 2 | 100 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 |
| 2010 | sbr. 20. | 1 | 0 | 0 | 1 | 100 | 1 | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2011 | 211. | 3 | 0 | 0 | 3 | 100 | 1 | 33 | 1 | 33 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 |
| 2011 | sbr. 20. | 2 | 0 | 0 | 2 | 100 | 1 | 50 | 1 | 50 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| 2012 | | 1 | 0 | 0 | 1 | 100 | 0 | 0 | 1 | 100 | 1 | | | 1 | |
| 2012 | sbr. 20. | 5 | 0 | 0 | 4 | 80 | 0 | 0 | 3 | 60 | 1 | | | 1 | 1 |

Á árinu 2008 bárust ríkissaksóknara tvö mál sem heimfærð voru undir ákvæði 211. gr. en í öðru þeirra var talið að um tilraunaverknað væri að ræða.

Á árinu 2009 bárust ríkissaksóknara sjö mál sem talin voru varða við 211. gr. en eitt brotið var fullframið og sakfellt í því. Eitt mál varðaði 211. gr. en í sex málum var um að ræða tilraunabrot. Í einu máli er varðaði tilraunabrot var viðkomandi sýknaður, en dæmdur til að sæta öryggisgæslu. Tvö mál voru heimfærð undir 2. mgr. 218, og í öðru tilfellinu var viðkomandi sýknaður af refsikröfu, en dæmdur til að sæta öryggisgæslu. Í einu máli var bæði ákært og fellt niður.
Eitt mál er enn ódæmt þar sem ákærði flúði land.

Á árinu 2010 bárust þrjú mál sem talin voru varða við 211. gr. en eitt þeirra var tilraunabrot.Í öðru málinu þar sem brot var talið fullframið, var ákærði sýknaður af refsikröfu í héraðsdómi og dæmdur til að sæta öryggisgæslu, var því máli áfrýjað af ríkissaksóknara og var ákærði sakfelldur í Hæstarétti. Í tilraunabrotinu var sýknað af refsikröfu, en ákærði var dæmdur til að sæta öryggisgæslu.

Árið 2011 bárust fimm mál sem talin voru varða við 211. gr. Þrjú málanna voru fullframin og tvö tilraun. Í einu máli, þar sem brot var fullframið, var viðkomandi sýknaður af refsikröfu en dæmdur til að sæta öryggisgæslu.

Á árinu 2012 bárust sex mál sem talin voru varða við 211. gr. Eitt málanna var fullframið og var ákærði dæmdur í 16 ára fangelsi í héraðsdómi, málinu var áfrýjað og var það ódæmt í Hæstarétti um áramót. Fimm málanna voru tilraunabrot. Ákært var í fjórum þeirra og einu er ólokið.

**Líkamsárás (2. mgr. 218 gr. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Óafgr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2008 | 58 | 11 | 19 | 45 | 78 | 2 | 3 | 40 | 69 | 8 | 1 | 7 | 0 | 0 |
| 2009 | 84 | 15 | 18 | 66 | 79 | 2 | 2 | 51 | 61 | 13 | 2 | 11 | 0 | 0 |
| 2010 | 69 | 10 | 14 | 56 | 81 | 8 | 12 | 46 | 67 | 9 | 3 | 6 | 0 | 0 |
| 2011 | 50 | 7 | 14 | 38 | 76 | 5 | 10 | 34 | 68 | 5 | 0 | 2 | 3 | 2 |
| 2012 | 58 | 4 | 7 | 23 | 40 | 2 | 3 | 12 | 20 | 1 | 0 | 0 | 1 | 23 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin fimm ár. Hér er um að ræða líkamsárásir sem af hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón eða líkamsárásir sem taldar eru sérstaklega hættulegar vegna þeirrar aðferðar sem notuð er.

Á árinu 2008 bárust 58 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. Af þeim voru 11 málanna felld niður, ákært var í 45 þeirra, fallið frá saksókn í einu máli og einu máli var vísað frá héraðsdómi, ákæra var afturkölluð í einu máli.

Á árinu 2009 bárust 84 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. Gefnar voru út ákærur í 66 málum og 15 mál felld niður. Tveimur málum var lokið með niðurfellingu saksóknar og einu lokið með ákærufrestun. Í sex málum var brot talið varða við 217. gr. og í þremur málum var brot talið varða við 1. mgr. 218. gr.

Árið 2010 bárust 69 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. Gefnar voru út ákærur í 55 málum, 10 mál voru felld niður. Þremur málum var lokið með niðurfellingu saksóknar og ein ákæra var afturkölluð. Í einu máli var sýknað af refsikröfu en viðkomandi látinn sæta öryggisgæslu.

Árið 2011 bárust 50 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. Gefnar voru út ákærur í 39 málum, þar af var ákært fyrir eitt mál er varðaði 1. mgr. 218. gr. og sjö mál hafa verið felld niður. Tveimur málum var lokið með ákærufrestun. Tvö mál eru óafgreidd og 1 mál ódæmt í héraði. Þrjú mál eru ódæmd í Hæstarétti.

Árið 2012 bárust 58 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218 gr. Gefnar hafa verið út ákærur í 23 málum og fjögur mál felld niður. Sjö málanna er bárust reyndust varða við 217. gr. almennra hegningarlaga og eitt mál var heimfært undir 1. mgr. 218. gr. almennra. hegningarlaga. Níu mál eru ódæmd í héraði og 23 mál eru óafgreidd.

**Fíkniefnabrot (173 gr. a.hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæsta-rétti | Sakfellt í Hæsta-rétti | Ódæmt í Hæsta-rétti | Óafgr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2008 | 10 | 0 | 0 | 10 | 100 | 0 | 0 | 10 | 100 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 |
| 2009 | 11 | 1 | 9 | 10 | 91 | 0 | 0 | 9 | 82 | 5 | 0 | 4 | 1 | 0 |
| 2010 | 12 | 0 | 0 | 12 | 100 | 1 | 8 | 11 | 92 | 4 | 0 | 4 | 0 | 0 |
| 2011 | 14 | 0 | 0 | 14 | 100 | 1 | 7 | 13 | 93 | 4 | 1 | 3 | 0 | 0 |
| 2012 | 12 | 0 | 0 | 10 | 83 | 0 | 0 | 10 | 83 | 1 | 0 | 0 | 1 | 2 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 173. gr. a. almennra hegningarlaga, þ.e. stórfelld fíkniefnabrot og bárust ríkissaksóknara undanfarin fimm ár.

Á árinu 2008 bárust 10 mál. Ákært var í þeim öllum. Sakfellt var í þeim öllum, tveimur málum var áfrýjað til Hæstaréttar og var niðurstaðan sakfelling.

Á árinu 2009 bárust 11 mál. Ákært var í 10 málum og eitt mál fellt niður. Sakfellt var í þeim öllum. Fimm málum var áfrýjað til Hæstaréttar, og var sakfellt í þeim öllum. Í fjórum málum þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli.

Árið 2010 bárust 12 mál. Ákært var í þeim öllum. Sakfellt var í 11 málum en sýknað í einu máli. Fjórum málum var áfrýjað og var sakfellt í þeim öllum. Í fimm málum þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli. Í einu máli voru tveir aðilar sýknaðir í héraði, áfrýjaði ákæruvaldið á annan aðilann. Í einu máli voru þrír ákærðir, þar var einn sýknaður og tveir sakfelldir í héraði. Í einu máli voru tveir ákærðir, annar var sýknaður og hinn sakfelldur.

Árið 2011 bárust 14 mál. Gefnar hafa verið út ákærur í þeim öllum. Sakfellt var í 13 málum en sýknað í einu máli. Fjórum af þeim málum var áfrýjað til Hæstaréttar. Hæstiréttur sýknaði í einu málinu en sakfelldi í þremur. Í sex málum þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli.

Árið 2012 bárust 12 mál. Gefnar voru út ákærur í 10 málum. Sakfellt var í þeim öllum. Tvö mál eru óafgreidd um áramót. Í einu máli þar sem sakborningar voru fleiri en einn voru málin felld niður á hendur sumum þeirra en aðrir ákærðir í sama máli.

### Kynferðisbrot (194.-199. gr. hgl.)

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2008 | 46 | 32 | 70 | 14 | 30 | 6 | 43 | 7 | 50 | 7 | 3 | 4 | 0 | 0 |
| 2009 | 42 | 28 | 67 | 14 | 33 | 6 | 43 | 7 | 50 | 6 | 1 | 5 | 0 | 1 |
| 2010 | 51 | 24 | 47 | 25 | 49 | 9 | 36 | 16 | 64 | 13 | 3 | 9 | 0 | 0 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 194.-198. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin þrjú ár.

Á árinu 2008 bárust alls 48 mál. Af þeim voru 26 felld niður, eitt sent erlendis til afgreiðslu og ákært í 14 málum. Í einni ákæru voru tvö mál á hendur sama sakborningi.

Á árinu 2009 bárust 42 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þeim voru 28 felld niður og ákæra gefin út í 14 málum. Einu máli er enn ólokið þar sem ákærði er farinn úr landi.

Á árinu 2010 bárust 51 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þeim voru 24 felld niður og ákært í 25 málum. Rannsókn var hætt í tveimur málum. Einu máli var heimvísað í Hæstarétti.

Á árinu 2011 bárust 57 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þeim voru 32 mál felld niður og gefin var út ákæra í 20 málum. Rannsókn var hætt í fjórum málum. Eitt mál var sent erlendis til afgreiðslu.

### Kynferðisbrot (194. gr. hgl.)

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2011 | 48 | 29 | 60 | 15 | 31 | 8 | 53 | 7 | 47 | 5 | 2 | 4 | 0 | 0 |
| 2012 | 54 | 16 | 30 | 10 | 18 | 0 | 0 | 3 | 30 | 1 | 0 | 0 | 1 | 28 |

Árið 2012 var tekin sú ákvörðun að flokka kynferðisbrotin frekar niður og eru því brot gegn 194. gr. talin sér. Eru því kynferðisbrot sem varða við 195. – 199. gr. talin í töflu hér fyrir neðan.

Á árinu 2012 bárust 54 mál sem heimfærð voru undir 194. gr. hgl. Af þeim hafa 16 mál verið felld niður. Gefnar hafa verið út ákærur í 10 málum. Um áramót voru 28 mál óafgreidd.

### Kynferðisbrot (195.-199. gr. hgl.)

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2011 | 9 | 3 | 33 | 5 | 56 | 2 | 40 | 3 | 60 | 3 | 1 | 1 | 1 | 0 |
| 2012 | 13 | 1 | 8 | 3 | 23 | 0 | 0 | 1 | 33 | 0 | 0 | 0 | 0 | 8 |

Á árínu 2012 bárust 13 mál sem heimfærð voru undir ofangrein ákvæði. Gefnar hafa verið út ákærur í þremur málum. Eitt mál var fellt niður. Einu máli hefur verið lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun. Um áramót voru átta mál óafgreidd.

### Kynferðisbrot (200.-202. gr. hgl.)

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2008 | 73 | 26 | 36 | 39 | 53 | 8 | 21 | 31 | 79 | 17 | 2 | 15 | 0 | 0 |
| 2009 | 80 | 39 | 49 | 37 | 46 | 10 | 27 | 27 | 73 | 10 | 1 | 9 | 0 | 0 |
| 2010 | 53 | 23 | 43 | 23 | 43 | 5 | 22 | 18 | 78 | 5 | 3 | 2 | 0 | 0 |
| 2011 | 57 | 23 | 40 | 29 | 50 | 4 | 14 | 25 | 86 | 12 | 2 | 6 | 4 | 0 |
| 2012 | 74 | 11 | 15 | 13 | 17 | 3 | 23 | 5 | 38 | 2 | 0 | 0 | 0 | 48 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 200.-202. gr. alm. hgl. og bárust ríkissaksóknara undanfarin fimm ár.

Á árinu 2008 bárust 73 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þessum 73 málum voru 26 felld niður og ákært í 39 málum. Í þremur var fallið frá saksókn og tveimur málum var lokið með ákærufrestun. Í einni ákæru voru 10 mál, þar sem einn maður var ákærður.

Á árinu 2009 bárust 80 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Niðurfelld voru 39 mál og ákært í 37 málum. Tveimur málum var lokið með ákærufrestun og í einu máli var fallið frá saksókn og rannsókn var hætt í einu máli.

Á árinu 2010 bárust 53 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þessum 53 málum, þá voru 23 mál felld niður og ákært í 23 málum. Tveimur málum var lokið með ákærufrestun.  Í fimm málum var rannsókn hætt.

Á árinu 2011 bárust 57 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði.  Af þessum 57 málum , þá voru 23 mál felld niður og gefnar út ákærur í 29 málum. Einu máli  var lokið með ákærufrestun. Tveimur málum var lokið með því að hætta rannsókn, og tveimur málum var  lokið með að falla frá saksókn.

Á árinu 2012 bárust 74 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þessum 74 málum, þá hafa 11 mál verið felld niður og gefnar hafa verið út ákærur í 13 málum. Tveimur málum hefur verið lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun.  Um áramót voru 48 mál óafgreidd.

**Kynferðisbrot (204. gr. gáleysi sbr. 201. gr. og 202. gr. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2010 | 2 | 0 | 0 | 2 | 100 | 1 | 50 | 1 | 50 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| 2011 | 1 | 0 | 0 | 1 | 100 | 0 | 0 | 1 | 100 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 |
| 2012 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |

Á árinu 2010 voru tvö mál heimfærð undir ofangreint ákvæði.  Var ákært í þeim báðum.

Á árinu 2011 var eitt mál heimfært undir ofangreint ákvæði. Ákært var í því og var sakfellt í héraði. Málinu var síðan áfrýjað og því vísað heim í hérað. Var það ódæmt um áramót.

Á árinu 2012 var eitt mál heimfært undir ofangreint ákvæði.  Var það óafgreitt um áramót.

**Kynferðisbrot (206.gr.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2009 | 2 | 1 | 50 | 1 | 50 | 0 | 0 | 1 | 100 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| 2010 | 20 | 6 | 30 | 14 | 70 | 2 | 14 | 12 | 86 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| 2011 | 5 | 1 | 20 | 4 | 80 | 1 | 25 | 3 | 75 | 3 | 0 | 1 | 2 | 0 |
| 2012 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |

Árið 2009 voru tvö mál er heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Annað málið var fellt niður og ákært var í hinu.

Á árínu 2010 voru 20 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Gefin var út ákæra í 14 málum en sex mál voru felld niður.

Á árinu 2011 voru fimm mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Eitt málið var fellt niður og gefnar út ákærur í fjórum málum.

Á árinu 2012 var eitt mál heimfært undir ofangreint ákvæði. Var það óafgreitt um áramót.

## Kynferðisbrot (209. gr. hgl.)

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2008 | 35 | 14 | 40 | 21 | 60 | 6 | 29 | 15 | 71 | 6 | 0 | 5 | 1 | 0 |
| 2009 | 17 | 7 | 41 | 10 | 59 | 3 | 30 | 6 | 60 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 |
| 2010 | 16 | 1 | 6 | 13 | 81 | 4 | 31 | 9 | 69 | 3 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| 2011 | 15 | 2 | 13 | 8 | 53 | 0 | 0 | 8 | 100 | 2 | 0 | 2 | 0 | 1 |
| 2012 | 14 | 2 | 14 | 5 | 36 | 0 | 0 | 2 | 40 | 1 | 1 | 0 | 0 | 7 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 209. gr. almennra hegningarlaga., og bárust ríkissaksóknara undanfarin fimm ár.

Á árinu 2008 bárust 35 mál og voru 14 þeirra felld niður með vísan til 145. gr. laga um meðferð sakamála þar sem þau þóttu ekki líkleg til sakfellis. Gefin var út ákæra í 21 máli en í einni ákæru var ákært í átta málum á hendur sama manni.

Á árinu 2009 voru 17 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Sjö mál voru felld niður og gefin út ákæra í 10 málum. Í einu máli var ákæran afturkölluð.

Á árinu 2010 voru 16 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Eitt mál var fellt niður og ákært í 13. Einu máli var lokið með ákærufrestun og rannsókn var hætt í einu máli.

Á árinu 2011 voru 24 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Af þeim 24 málum sem komu voru fjögur mál felld niður og gefin út ákæra í 16 málum jafnframt var fjórum málum lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun.

Á árinu 2012 bárust 14 mál sem voru heimfærð undir ofangreint ákvæði. Um áramót höfðu tvö mál verið felld niður og gefin út ákæra í fimm málum. Um áramót voru sjö mál óafgreidd.

## Kynferðisbrot (210. gr. hgl.)

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | |
| 2008 | 11 | 1 | 9 | 10 | 91 | 0 | 0 | 10 | 100 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 |
| 2009 | 9 | 3 | 33 | 6 | 67 | 0 | 0 | 6 | 100 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| 2010 | 7 | 0 | 0 | 5 | 71 | 0 | 0 | 5 | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2011 | 8 | 0 | 0 | 8 | 100 | 0 | 0 | 7 | 88 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| 2012 | 4 | 1 | 25 | 2 | 50 | 0 | 0 | 2 | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 210. gr. almennra hegningarlaga og bárust ríkissaksóknara undanfarin fimm ár. Algengast er að um sé að ræða brot gegn 4. mgr. ákvæðisins vegna vörslu á barnaklámi.

Á árinu 2008 bárust 11 mál. Eitt mál var fellt niður og gefnar út ákærur í 10 málum. Sakfellt var í þeim öllum. Í einu máli varðaði brotið við 3. mgr. 210. gr. hgl. og í níu málum varðaði brotið við 4. mgr. 210. gr. hgl.

Á árinu 2009 bárust níu mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Þrjú málanna voru felld niður og gefin út ákæra í sex málum. Af þeim níu málum sem bárust vörðuðu sjö þeirra við 4. mgr. og 1 mál gegn 2. mgr. og eitt mál varðaði 2. og 4. mgr. 210 gr. almennra hegningarlaga.

Á árinu 2010 bárust sjö mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Rannsókn var hætt í einu máli og einu lokið með ákærufrestun og ákæra var gefin út í fimm málum.

Á árinu 2011 bárust 15 mál. Vörðuðu þau öll 4. mgr. Af þessum 15 málum var eitt mál fellt niður og gefin út ákæra í 14 málum.

Á árinu 2012 bárust fjögur mál. eitt mál varðaði 4 mgr. og 3 mál vörðuðu 210.a, sem leysti af hólmi 4. mgr. 210 gr. með lögum nr. 58/2012.

## 2.4. Fallið frá saksókn

Árið 2012 féll ríkissaksóknari frá saksókn í fjórum málum samkvæmt heimild í 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Um var að ræða brot sem ríkissaksóknari taldi varða við 199. gr. og 217.gr. (í sama máli), 147. gr., 233. gr. b. og 235. gr. almennra hegningarlaga.

Forsenda þess að niðurfellingu saksóknar sé beitt er að rannsókn máls sé lokið, mál teljist upplýst og að ákæruvaldið telji að sakborningur hafi framið refsivert brot. Niðurfellingu saksóknar er að jafnaði ekki beitt nema játning sakbornings liggi fyrir. Í fyrrnefndri lagagrein er heimild til að falla frá saksókn eins og nánar er greint í stafliðum málsgreinarinnar. Samkvæmt a- lið má falla frá saksókn ef brot er smávægilegt eða fyrirsjáanlegt er að umfang málsins verði í verulegu ósamræmi við þá refsingu sem vænta má.

Samkvæmt b- lið má falla frá saksókn ef sakborningur og brotaþoli hafa komist að samkomulagi og sakborningur hefur efnt það fyrir sitt leyti.

Samkvæmt c- lið má falla frá saksókn ef sakborningur virðist vera ósakhæfur og ekki er nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum.

Samkvæmt d- lið má falla frá saksókn ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulega miklum þjáningum eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því að fallið sé frá saksókn, enda verði að telja að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.

## 2.5. Skilorðsbundin frestun ákæru

Í 56. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er heimild fyrir ákæranda að fresta um tiltekinn tíma útgáfu ákæru til refsingar útaf brotum þegar sakborningur hefur játað brot sitt og að uppfylltum skilyrðum sem talin eru upp í 1. og 2. tölulið 1. mgr. 56. gr. Skilyrðin eru eftirfarandi:

1. *Að málið varði brot sem unglingar á aldrinum 15 – 21 árs hafa framið.*

2. *Högum sakbornings sé þannig háttað, að umsjón eða aðrar ráðstafanir samkvæmt 3. mgr. 57. gr. má telja vænlegri til árangurs en refsingu, enda sé broti ekki svo varið, að almannahagsmunir krefjist saksóknar.*

Mál þessi má taka upp að nýju ef aðilar gerast sekir um nýtt brot á skilorðstímanum, eða rjúfa í veigamiklum atriðum þau skilyrði sem sett voru fyrir frestun ákærunnar, sbr. 4. mgr. 56. gr. almennra hegningarlaga.
Á árinu 2012 frestaði ríkissaksóknari útgáfu ákæru í níu málum og hér að neðan er greint frá tegund brots, aldri og kyni sakbornings:

1. 17 ára piltur játaði blygðunarsemisbrot, með því að hafa rekið afturenda sinn á rúðu á bifreið brotaþola og stungið getnaðarlim sínum inn um hliðarrúðu bifreiðarinnar. Brotið talið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

2. 16 ára stúlka játaði brot gegn valdstjórninni með því að hafa slegið og sparkað í lögreglumann á lögreglustöð eftir að hafa verið handtekin. Brotið talið varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

3. 16 ára piltur játaði blygðunarsemisbrot, með því að hafa tekið myndir af brjóstum og kynfærum ungrar stúlku, án hennar vitundar, í gegnum vefmyndavél og dreift þeim til fleiri aðila. Brotið talið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

4. 16 ára stúlka játaði að hafa bitið í handlegg á lögreglumanni sem hafði afskipti af henni á skemmtistað. Brotið talið varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

5. 15 ára piltur játaði að hafa haft samræði við 13 ára stúlku en neitaði að það hafi verið gegn hennar vilja. Sökum lítils aldursmunar og þar sem ekki þótti unnt að sanna að samræðið hafi verið gegn vilja stúlkunnar var útgáfu ákæru frestað skilorðsbundið. Brotið talið varða við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

6. 17 ára piltur játaði að hafa haft samræði við 13 ára stúlku. Talið var að samræðið hafi átt sér stað með vilja stúlkunnar og brotið því talið varða við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

7. 15 ára piltur játaði að hafa hótað starfsmanni meðferðarheimilis líkamsmeiðingum og lífláti. Brotið talið varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

8. 20 ára piltur játaði að hafa áreitt 18 ára stúlku kynferðislega með því að strjúka á henni lærin og fótleggina á meða hún var sofandi. Brotið talið varða við 199. gr. almennra hegningarlaga.

9. 16 ára þroskaskertur piltur játaði að hafa áreitt 10 ára gamalt barn kynferðislega með því að káfa á barninu. Brotið talið varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

**Samantekt**
Níu mál.
Sjö piltar þar sem meðalaldurinn var 16,6 ár.
Tvær stúlkur þar sem meðalaldurinn var 16 ár.
Sex kynferðisbrot.
Þrjú brot gegn valdstjórninni.

## 2.6. Tímalengd gæsluvarðhalds

| Gæsluvarðhaldsúrskurðir uppkveðnir á árinu 2012 og fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistar. | |
|---|---|
| Fjöldi úrskurða | 129 |
| Fjöldi einstaklinga | 1201 |
| Dagar í gæslu | 5810 |

| Fyrirkomulag, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 88/2008: | Dagur | Meðaldagafjöldi | Lágm. | Hám. |
|---|---|---|---|---|
| Án skilyrða skv. 1. mgr. 99. gr. | 4701 | 75,82 | 2 | 317 |
| b-liðir 1. mgr. 99. gr. | 8 | 8,00 | | 8 |
| bc-liðir 1. mgr. 99. gr. | 1 | 1,00 | 1 | 1 |
| bcd-liðar 1. mgr. 99. gr. | 5 | 5,00 | 5 | 5 |
| bcde-liðir 1. mgr. 99. gr. | 849 | 10,11 | 1 | 38 |
| bcdef-liðir 1. mgr. 99. gr | 109 | 10,90 | 3 | 17 |
| c-liðar 1. mgr. 99. gr. | 90 | 45,00 | 45 | 45 |
| d- liðar 1. mgr. 99. gr. | 47 | 47,00 | 47 | 47 |
| Samtals | 5810 | | | |

*Án Án takmarkana, b Einrúm, c Heimsóknarbann, d Bréfaskoðun, e Fjölmiðlabann, f Vinnubann*

Um algjöra einangrun er að ræða þegar beitt er b, c, d, og e-liðum saman, en einangrun að vissu marki þegar beitt er þremur eða færri liðum.

## 2.7. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra

Alls sættu 31 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri hafði ákveðið, að rannsókn aflokinni, að höfða ekki mál með vísan til 145. gr. laga um meðferð sakamála, þ.e. það sem fram kom við rannsóknina þótti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Kæruheimildina er að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

| Kærur á grundvelli 2. mgr. 147. gr. sml. | | |
|---|---|---|
| **Kærur** | **Ákvörðun felld úr gildi** | **Ákvörðun staðfest** |
| 31 | 14 | 11 |
| **Brotaflokkur** | **Fjöldi** | |
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 11 | |
| Hótanir | 1 | |
| Líkamsárásir | 9 | |
| Sérrefsilagabrot | 4 | |
| Samtals | 25 | |

- Alls voru sex málum ólokið um áramótin.
- Í einu máli var ákvörðun felld úr gildi, en þess í stað var rannsókn málsins hætt.
- Í einu máli var ákvörðun felld úr gildi, en þess í stað var fallið frá saksókn.
- Í einu máli var ákvörðun felld úr gildi að hluta og staðfest að hluta.

Alls sættu fjögur mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri hafði ákveðið að falla frá saksókn með vísan til 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála. Kæruheimildina er að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

| Kærur á grundvelli 2. mgr. 147. gr. sml. | | |
|---|---|---|
| Kærur | Ákvörðun felld úr gildi | Ákvörðun staðfest |
| 4 | 0 | 3 |
| Brotaflokkur | Fjöldi | |
| Líkamsárásir | 1 | |
| Fjárdráttur | 1 | |
| Eignaspjöll | 1 | |
| Samtals | 3 | |

- Alls var einu máli ólokið um áramótin.

Ríkissaksóknara bárust 146 kærumál vegna ákvarðana lögreglustjóra um að vísa frá kæru án rannsóknar eða hætta rannsókn, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála. Kæruheimildina er að finna í 6. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála.

| Kærur á grundvelli 6. mgr. 52. gr. sml. | | |
|---|---|---|
| Kærur | Ákvörðun felld úr gildi | Ákvörðun staðfest |
| 146 | 50 | 78 |
| Brotaflokkur | Fjöldi | |
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 53 | |
| Rangar sakargiftir og rangur framburður | 7 | |
| Líkamsárásir | 12 | |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 12 | |
| Brot í opinberu starfi | 8 | |
| Sérrefsilagabrot | 17 | |
| Skjalafals | 7 | |
| Kynferðisbrot | 10 | |
| Mannslát | 2 | |
| Annað | 3 | |
| Samtals | 131 | |

- Alls voru tvær kærur afturkallaðar.
- Í einu máli ákvað lögreglustjóri að hefja aftur rannsókn málsins, sú ákvörðun var tekin áður en að kæra barst til ríkissaksóknara, var kærunni því vísað frá.
- Alls voru fimmtán málum ólokið um áramótin.
- Í einu máli var ákvörðun felld úr gildi, en þess í stað var fallið frá saksókn.
- Í einu máli var ákvörðun felld úr gildi, en þess í stað var lagt fyrir lögreglustjóra að falla frá saksókn.
- Í einu máli var ákvörðun felld úr gildi, en þess í stað var málið fellt niður á grundvelli 145. gr. sml.

## 2.8. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

Samkvæmt 35. gr. lögreglulaga fer ríkissaksóknari með rannsókn kærumála vegna ætlaðra refsiverðra brota starfsmanna lögreglu við framkvæmd starfa þeirra. Lögreglustjórum ber að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn slíkra mála. Á árinu 2012 leitaði ríkissaksóknari bæði eftir aðstoð við rannsókn frá Lögregluskóla ríkisins og embætti sérstaks saksóknara. Um rannsókn þessara mála og afgreiðslu fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. Málalok samkvæmt lögunum geta verið á fimm vegu, að kæru sé vísað frá sbr. 4. mgr. 52. gr., að rannsókn máls sé hætt sbr. sama ákvæði, að málið sé fellt niður að lokinni rannsókn ríkissaksóknara ef það sem fram hefur komið við rannsóknina telst ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis sbr. 145. gr., að fallið sé frá saksókn sbr. 146. gr. þrátt fyrir að ætla megi samkvæmt játningu kærða og öðrum gögnum að brot hafi verið framið, og loks að gefin sé út ákæra. Kvörtunum eða athugasemdum vegna framgöngu og starfshátta lögreglu, þegar ekki er um refsiverða háttsemi að ræða, á ekki að beina til ríkissaksóknara heldur viðkomandi lögreglustjóra eða ríkislögreglustjóra eftir atvikum.

Ríkissaksóknari hafði á árinu 2012 til afgreiðslu 30 kærumál á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð refsiverð brot við framkvæmd starfa þeirra á árinu 2012 og tók auk þess eitt mál til rannsóknar að eigin frumkvæði. Af kærumálunum 30 voru tvö sem tengdust embætti sérstaks saksóknara. Ekkert þessara mála leiddi til útgáfu ákæru en kærum var *vísað frá í níu málum, *í tíu málum var rannsókn hætt og **ellefu mál voru rannsökuð að fullu en felld niður á grundvelli 145. gr. laga um meðferð sakamála. Fallið var frá saksókn í einum þætti eins máls sem að öðru leyti var fellt niður. Í fjórum málum kom ríkissaksóknari athugasemdum eða aðfinnslum á framfæri við lögreglu um atriði sem þóttu mega betur fara í starfi lögreglunnar.

Tæplega helmingur kærumálanna, eða 13 talsins, tengdust handtökum kærenda þannig að kærðar voru ólögmætar handtökur og/eða harðræði ýmiss konar í tengslum við handtöku, vistun í fangaklefa eða í framhaldi af handtöku. Fimm kærumál vörðuðu afskipti lögreglu, sem sögð var leggja einstaklinga í einelti, hafa tilefnislaus afskipti af mönnum eða brjóta gegn friðhelgi einkalífs þeirra. Skiptist það nokkuð jafnt hvort málum þessum sem vörðuðu handtöku og önnur afskipti lögreglu var lokið á grundvelli 145. gr. laga um meðferð sakamála eða rannsókn þeirra hætt eða þeim vísað frá. Þá bárust kærur sem vörðuðu meint brot gegn þagnarskyldu og meiðandi ummæli í fjölmiðlum, brot gegn dýraverndarlögum (vegna aflífunar kattar), atriði tengd gögnum máls og meint kynferðisbrot lögreglumanns framið í starfi, auk þess sem ríkissaksóknari tók til rannsóknar andlát handtekins manns.

Ríkissaksóknari rannsakaði að eigin frumkvæði andlát manns í porti lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu í Reykjavík í kjölfar handtöku hans. Við rannsókn ríkissaksóknara kom ekkert fram sem benti til þess að aðgerðir eða athafnir lögreglu hafi átt þátt í dauða mannsins. Samkvæmt krufningarskýrslu rannsóknastofu í meinafræði kom fram að maðurinn hafi verið með alvarlega metýlfenidadeitrun og að sú eitrun hafi að öllum líkindum valdið dauða hans. Ekki hafi verið til staðar nein merki um ofbeldi. Með hliðsjón af þessari niðurstöðu og öðrum rannsóknargögnum felldi ríkissaksóknari málið niður með vísan til 145. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Embættið rannsakaði kæru manns á hendur þremur lögreglumönnum vegna afskipta af honum. Kæran laut að meintri ólögmætri handtöku, og að hann hafi verið beittur óþarfa harðræði í tengslum við hana. Þá hafi kærðu tekið greiðslukort úr veski hans og greitt, gegn vilja hans, fyrir fargjald með leigubíl sem honum hafi ekki borið að greiða og að lokum hafi einn kærðu slegið kæranda í brjóstið þegar honum var sleppt úr lögreglubifreið þeirra skömmu eftir handtöku. Ríkissaksóknari komst að þeirri niðurstöðu að efast mætti um réttmæti handtöku kæranda vegna gruns um fjársvik þar sem hann hafi neitað að greiða fargjald með leigubifreið. Hins vegar voru aðstæður jafnframt með þeim hætti að í leigubifreiðinni ásamt kæranda var stúlka sem lýsti því að hún hafi talið kæranda ætla að gera sér mein og var því litið til allra aðstæðna og málið ekki talið líklegt til sakfellis að því er þetta atriði varðar. Ekki var talið að rannsóknargögn styddu þá fullyrðingu kæranda að lögregla hafi beitt hann harðræði umrætt sinn og var sá þáttur jafnframt felldur niður. Einn lögreglumannanna tók greiðslukort kæranda og greiddi fargjaldið gegn vilja hans. Ríkissaksóknari komst að þeirri niðurstöðu að úrlausn þess ágreinings þurfi að lúta venjubundnum úrræðum einkamálalaga í formi innheimtu leigubílstjórans á gjaldinu eða í formi skaðabótakröfu hans á hendur kæranda í mögulegu fjársvikamáli á hendur honum. Endanleg úrlausn um þann ágreining á að fást fyrir dómi. Lögreglumaðurinn hafi þannig brotið gegn 132. og 134. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í ljósi þess að kærandi hafði fallist á að greiða hálft fargjaldið, að ekkert tjón hlaust af þessum gerningi þar sem greiðslan var bakfærð og þess að um mjög óverulegar fjárhæðir var að ræða, var hins vegar fallið frá saksókn á hendur lögreglumanninum, sbr. a-lið 3. mgr. 146. gr. laga nr. 88/2008.

Þá rannsakaði embættið kæru vegna ætlaðra brota lögreglumanns sem haldið var fram að hafi tekið að sér aflífun kattar sem dýralæknum einum er heimilt að framkvæma, að sú aðferð sem beitt var, þ.e. að hafa ætlað að skjóta dýrið í höfuðið, hafi verið ótrygg enda aflífunin misheppnast og ollið meiðslum hjá dýrinu sem leitt hafi til þjáninga hjá því. Þá hafi þær aðstæður ekki verið til staðar sem heimili neyðarinngrip auk þess sem ekki hafi verið gerðar ráðstafanir, hvorki af umráðamanni né lögreglu til að fanga köttinn eftir að hann slapp. Var háttsemin talin varða við nánar tilgreind ákvæði dýraverndunarlaga og reglugerðar sem sett var með stoð í þeim. Það var mat ríkissaksóknara að vafi væri um skýrleika refsiheimildar umræddrar reglugerðar og þann vafa yrði að skýra sakborningi í hag. Að því er varðaði ákvæði dýraverndunarlaga sem vísað var til í kæru var það mat ríkissaksóknara að ekki væri unnt að heimfæra háttsemi kærðu, sem lýst er í kæru, undir þau ákvæði. Með hliðsjón af þessum atriðum var talið að ekki væri efni til að fram færi opinber rannsókn á þeim grundvelli sem kærandi hafði lagt upp með, umfram það sem ríkissaksóknari hafði þegar rannsakað með skoðun gagna, enda ekkert sem benti til refsiverðrar háttsemi lögreglumannsins eða eiganda dýrsins. Rannsókninni var því hætt með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008.

*Sum málanna voru afgreidd á árinu 2013.
** Afgreiðslu málana lauk á árinu 2013

**Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga**

| Ár | Kærur alls | Niðurfelling | Fallið frá saksókn | Ranns. hætt | Kæru vísað frá | Ákæra | Dómur, sakf. | Dómur. Sýkn. | Áfrýjað | Hæstir. | Í vinnslu um áramót |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2008 | 26 | 8 | 2 | 11 | 4 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2009 | 18 | 6 | 0 | 10 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | sakf. | 0 |
| 2010 | 27 | 8 | 0 | 14 | 1 | 3 | sekt | 1 | 0 | 0 | 1 |
| 2011 | 31 | 4 | 0 | 17 | 8 | 2 | sekt | 1 | 1 | Sýkn | 0 |
| 2012 | 30 | 0 | 0 | 9 | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 14 |

## 2.9 Áfrýjunarmál

Áfrýjunarmál á árinu 2012 voru 86 talsins. Ákæruvaldið hafði frumkvæði að áfrýjun í 13 málum. Sex þeirra vörðuðu kynferðisbrot, í tveimur málum var ákært fyrir brot gegn valdstjórninni, ríkissaksóknari áfrýjaði manndrápsmáli, skilasvik voru til umfjöllunar í einu máli, fjárdráttur í einu þeirra, skattalagabrot í einu og akstur undir áhrifum fíkniefna var sakarefnið í einu málanna sem ríkissaksóknari áfrýjaði. Refsing var þyngd í tveimur kynferðisbrotamálum sem ríkissaksóknari áfrýjaði. Sýknudómur héraðsdóms var staðfestur í tveimur málanna og í einu þeirra var staðfest niðurstaða héraðsdóms um heimfærslu til refsiákvæða og ákvörðun refsingar. Í einu málanna var héraðsdómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Númer þessara sex Hæstaréttarmála eru 132/2012, 259/2012, 279/2012, 335/2012, 428/2012, 521/2012. Hæstaréttarmálið nr. 521/2012 er áhugavert fyrir þær sakir að þar sýknaði Hæstiréttur ákærðu af kynferðisbroti en taldi þá háttsemi að stinga fingrum upp í leggöng og endaþarm konu vera stórfellda líkamsárás. Einn dómari skilað séráliti í málinu. Þá voru ákærðu í málinu sökuð um brot gegn 175. gr. a. almennra hegningarlaga, með vísan til þess að þau væru öll meðlimir í eða hefðu tengsl við samtök, sem lögregla hér á landi og erlendis hafði skilgreint sem alþjóðleg glæpasamtök, og að háttsemi þeirra hefði verið liður í skipulagðri brotastarfsemi. Þetta var ekki talið sannað.

| Hegningarlagabrot 2012 | | Sérrefsilagabrot 2012 | |
|---|---|---|---|
| Kynferðisbrot | 21 | Umferðarlagabrot | 1 |
| Skjalafals | 2 | Ölvunar-fíknie-lyfjaakstur | 5 |
| Auðgunarbrot | 11 | Fíkniefnabrot | 3 |
| Líkamsárásir | 18 | | 86 |
| Fíkniefnabrot - stórfellt | 3 | | |
| Rán | 5 | | |
| Manndráp | 2 | | |
| Tilraun til manndráps | 2 | | |
| Hótanir | 4 | | |
| Brot gegn valdstjórninni | 5 | | |
| Nytjastuldur | 1 | | |
| Peningaþvætti | 1 | | |
| Skattalagabrot - stórfellt | 2 | | |

## 2.10 Sektarboð og sektargerðir

Í árslok 2012 höfðu lögreglustjórar sent út 34.671 sektarboð. Í sektarboðum er einvörðungu um að ræða umferðarlagabrot. Þar af höfðu 12.777 sektir verið greiddar á árinu en það er tæp 37% af útsendum sektarboðum. Þau brot sem oftast var sektað fyrir var of hraður akstur eða í 27.731 tilvikum. Alls fóru 1.596 sektarboð til meðferðar fyrir dómstólum annað hvort sem áritunarmál eða ákærumál.

Sektargerðir lögreglustjóra voru 4.405 í árslok. Þar af höfðu 1.649 verið greiddar á árinu eða 37,4%. Flest málin vörðuðu umferðarlagabrot eða 2.783 þar af 883 vegna ölvunaraksturs. Alls var 693 minniháttar brotum gegn lögum um meðferð ávana- og fíkniefna lokið með sektargerð og 116 hegningarlagabrotum og er þar um að ræða 91 þjófnaðarbrot, einng var 1.506 brotum gegn sérrefsilögum lokið með sektargerð.

Það athugist að hvert sektarboð og hver sektargerð getur varðað fleiri en eitt brot.

# 3. kafli

# Dómsmeðferð mála

## 3.1. Manndráp og tilraunir til manndráps

### Manndráp

Ríkissaksóknari ákærði í einu manndrápsmáli á árinu 2012. Ákærða, ungum karlmanni, var gefið að sök að hafa í byrjun febrúar 2012 veist að konu sem var honum kunnug í svefnherbergi á heimili ákærða í Hafnarfirði með hnífi og stungið hana ítrekað með þeim afleiðingum að hún hlaut bana af. Ákærði og brotaþoli höfðu stundað óreglu saman um tíma þegar brotið var framið. Dómur gekk 6. júlí 2012 í Héraðsdómi Reykjaness og var ákærði dæmdur til 16 ára fangelsisrefsingar og til að greiða aðstandendum konunnar skaða- og miskabætur. Ákærði áfrýjaði dómnum til Hæstaréttar sem staðfesti dóm Héraðsdóms í janúar 2013. (Mál nr. 566/2012)

### Tilraun til manndráps

Ríkissaksóknari ákærði í fimm málum á árinu 2012 vegna tilrauna til manndráps. Í flestum málunum var sakfellt í samræmi við ákæru og ákærðu gerð lágmarksrefsing 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem er fimm ára fangelsisvist. Frá þessu voru þó tvær undantekningar sem raktar eru hér að neðan.

Í febrúar 2012 ákærði ríkissaksóknari mann (X) fyrir tilraun til manndráps og tvo aðra fyrir hlutdeild í því broti með því að hafa að kvöldi föstudagsins 18. nóvember 2011 farið saman á bifreið að Tangarbryggju í Reykjavík, þar sem X hafði mælt sér mót við annan mann vegna ágreinings um fjárskuld þeirra á milli. Skömmu eftir að ákærðu komu að Tangarbryggju reyndi maðurinn sem þeir voru að hitta að komast undan á bifreið. Skaut þá X úr haglabyssu einu skoti í áttina að bifreiðinni, en hæfði ekki. Ákærðu veittu manninum eftirför á bifreið og skaut X öðru skoti úr haglabyssunni út um glugga bifreiðarinnar á bifreið mannsins, með þeim afleiðingum að afturrúða bifreiðarinnar brotnaði og miklar skemmdir urðu á bifreiðinni, auk þess sem brot úr hagli hafnaði í baki vinstra aftursætis bifreiðarinnar. Auk þessa sættu mennirnir ákæru vegna fíkniefna- og vopnalagabrota. Dómur gekk í málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í mars 2012 og voru X og annar hinna ákærðu sakfelldir en sá þriðji sýknaður. Ákærðu voru sýknaðir af tilraun til manndráps. Dómurinn taldi þó að háttsemi ákærðu varðaði við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem leggur allt að fjögurra ára fangelsi við því að stofna lífi eða heilsu annarra í augljósan háska á ófyrirleitinn hátt. Hlaut X 4 ára fangelsi en voru þar dæmdir upp eldri dómar og litið til langs brotaferils hans. Hinn maðurinn hlaut 18 mánaða fangelsi fyrir sinn þátt í brotunum. Þessi maður áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar sem þyngdi dóm yfir honum í fangelsi í 2 ár. (Mál nr. 311/2012)

Í maí 2012 ákærði ríkissaksóknari mann fyrir tilraun til manndráps. Var honum gefið að sök að hafa veist að framkvæmdastjóra lögmannsstofu, með hnífi og stungið hann ítrekað í líkamann með þeim afleiðingum að hann hlaut fimm stungusár. Gekk hnífurinn gegn um þindina og í lungu bæði hægra og vinstra megin, gegn um hægra nýra, í lifur og gallblöðru, með þeim afleiðingum að maðurinn missti 50 lítra af blóði í framhaldi af árásinni og meðan gert var að sárum hans, fjarlægja þurfti hægra nýrað og gallblöðru hans, bæði lungu hans sködduðust, tvö göt komu á þind hans auk áverka á lifur. Voru fjögur stungusáranna talin lífshættuleg ein og sér þó aðrir áverkar hefðu ekki komið til. Að auki var honum gefin að sök sérstaklega hættuleg líkamsárás með því að stinga annan mann með hnífnum en sá kom hinum fyrrnefnda til aðstoðar. Dómur gekk í málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í júní 2012 og var ákærði sakfelldur í samræmi við ákæruna og hlaut hann 14 ára fangelsi auk þess sem hann var dæmdur til að greiða fórnarlambi sínu skaðabætur. Ákærði áfrýjaði málinu og gekk dómur í Hæstarétti í janúar 2013 sem staðfesti dóm Héraðsdóms. (Mál 573/2012)

Í júní 2012 ákærði ríkissaksóknari mann fyrir tilraun til manndráps og húsbrot. Var honum gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 1. apríl 2012, brotið sér leið inn í íbúð konu og ráðist á hana, elt hana þegar hún flúði út úr íbúðinni og slegið hana ítrekað af miklu afli með kertastjaka í andlit og höfuð, þannig að hún féll í jörðina utan við húsið. Tók hana kverkataki sem hann hélt uns vitni náðu að draga hann ofan af henni, en konan lá eftir meðvitundarlaus. Dómur gekk í málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í september 2012 (S-528/2012) og var ákærði sakfelldur í samræmi við ákæruna og hlaut hann fimm ára fangelsi auk þess sem hann var dæmdur til að greiða konunni skaðabætur. Dómnum var ekki áfrýjað.

Í ágúst 2012 ákærði ríkissaksóknari ungan mann fyrir tilraun til manndráps með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 21. apríl 2012, veist að konu, með stórum eldhúshnífi og stungið hana ítrekað í líkamann, meðal annars með þeim afleiðingum að hnífurinn gekk í gegnum þind, kviðarhol og maga svo af hlaust lífshættulegur áverki, og eftir að hún reyndi að koma sér undan, veist aftur að henni með höggum og spörkum í líkama og höfuð og gripið um háls hennar aftan frá með kyrkingartaki. Dómur gekk í málinu í Héraðsdómi Reykjaness í febrúar 2013 og var ákærði sakfelldur í samræmi við ákæruna og hlaut hann fimm ára fangelsi auk þess sem hann var dæmdur til að greiða konunni skaðabætur. Dómnum var áfrýjað og gekk dómur í Hæstarétti í júní 2013 sem staðfesti niðurstöðu Héraðsdóms um annað en fjárhæð bóta. (Mál nr. 147/2013)

Í september 2012 ákærði ríkissaksóknari mann fyrir tilraun til manndráps með því að hafa laugardagskvöldið 28. júlí 2012 veist að manni sem hann hafði skömmu áður setið að sumbli með og stungið hann með hnífi með þeim afleiðingum að hann hlaut stungusár vinstra megin á brjóstkassa þannig að hnífurinn gekk inn í vinstra lunga og olli loftbrjósti, skurð langsum á hryggsúlu vinstra megin, og skrámur á hálsi. Dómur gekk í Héraðsdómi Reykjavíkur í desember 2012 og var ákærði sakfelldur í samræmi við ákæruna og hlaut hann fimm ára fangelsi auk þess sem hann var dæmdur til að greiða brotaþola skaðabætur. Dómnum var áfrýjað og gekk dómur í Hæstarétti í maí 2013 og var niðurstaða Héraðsdóms staðfest. (Mál 197/2013)

### Manndráp af gáleysi

Ríkissaksóknari ákærði í maí 2012 ungan mann fyrir hegningar- og umferðarlagabrot, með því að hafa að kvöldi föstudagsins 12. ágúst 2011, þegar hann var 17 ára, ekið bifreið með þrjá farþega innan borðs um götur Reykjavíkur án þess að hafa öðlast ökuréttindi, langt yfir leyfilegum hámarkshraða og án nægilegrar aðgæslu. Í kjölfarið missti ákærði stjórn á bifreiðinni á gatnamótum Geirsgötu og Tryggvagötu og ók yfir kantstein, yfir gangbraut, grjótbeð og á húsvegg. Við þetta hlaut ungur karlmaður, sem var farþegi í bifreiðinni, alvarlega höfuðáverka sem drógu hann til dauða skömmu síðar. Dómur gekk í Héraðsdómi Reykjavíkur í júlí 2012 (Mál S-351/2012) og var ákærði sakfelldur og dæmdur til sex mánaða fangelsisrefsingar sem var bundin skilorði, sviptur ökurétti í þrjú ár og dæmdur til að greiða aðstandendum hins látna miskabætur. Dómnum var ekki áfrýjað.

## 3.2 Brot gegn lífi og líkama

Ein ákæra var gefin út á árinu vegna brots gegn lífi og líkama eða 221. gr. almennra hegningarlaga. 25 ára gamall maður var ákærður fyrir að hafa látið farast fyrir að koma ungri konu sem stödd var á heimili hans undir læknishendur þegar hún veiktist þar lífshættulega og lést af völdum banvænnar amfetamín-, PMMA- (4-metoxýmetamfetamín) og PMA (4-metoxýamfetamín) eitrunar. Hann var jafnframt ákærður fyrir vörslur á tæpum 26 g af amfetamíni. Ákærði neitaði sök en var sakfelldur með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-469/2012 og dæmdur í 10 mánaða fangelsi. Með hliðsjón af alvarleika brotsins var refsingin öll óskilorðsbundin.

## 3.3 Líkamsárásir

Ríkissaksóknari fer með ákæruvald í málum sem varða brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. líkamsárásum þegar stórfellt líkams- eða heilsutjón hlýst af eða brotið er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar sem notuð er, svo og þegar sá sem sætir líkamsárásinni hlýtur bana af.

Á árinu 2012 var ákært í 39 málum hjá ríkissaksóknara fyrir líkamsárásir eða aðrar líkamsmeiðingar. 36 ákærur voru vegna sérstaklega hættulegrar líkamsárásar vegna þeirrar aðferðar sem var notuð, þá með tilliti til tækja eða annarra áhalda sem var beitt. tvær ákærur voru vegna stórfellds líkams- eða heilsutjóns brotaþola og ein ákæra var fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi en ríkissaksóknari fer með ákæruvald í málum er varða líkamsmeiðingar af gáleysi sem ekki eru í tengslum við umferðarlagabrot. Í þessum 39 málum voru 58 einstaklingar ákærðir þar af voru 56 karlar og tvær konur. Þrír karlmenn voru ákærðir í tvígang á árinu 2012 af ríkissaksóknara fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. Í flestum málum var einn einstaklingur ákærður en það voru einnig dæmi um að þrír, fimm og jafnvel níu einstaklingar væru ákærðir í eina og sama málinu. Algengasta einstaka árásaraðferðin var að slá eða kasta glerflösku eða glasi í höfuð eða andlit brotaþola en sjö slíkar ákærur voru gefnar út á árinu 2012. Fleiri hættuleg tæki eða áhöld komu einnig við sögu í ákærumálum vegna líkamsárása og má sem dæmi nefna skæri, steikarpönnu, klaufhamar, kúbein, járnrör, golfkylfur og ýmsar tegundir af hnífum. Í dæmaskyni eru nokkur áhugaverð mál reifuð hér að neðan.

Maður var ákærður fyrir að hafa ekið bifreið í átt að fjórum unglingspiltum og ekið yfir einn þeirra sem lagði ekki á flótta undan bifreiðinni. Ákærði ók síðan áfram af vettvangi án þess að huga að piltinum sem hann ók yfir. Við þetta hlaut pilturinn stórt sár á höfði sem náði í gegnum höfuðleðrið. Þá var mar á stórum hluta hægri hliðar efri búks. Ákærði var sakfelldur með dómi Héraðsdóms Vesturlands í máli nr. S-207/2012 fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að aka á piltinn af ásetningi og þá var hann auk þess sakfelldur fyrir að hafa með háttsemi sinni stofnað lífi og heilsu hinna piltanna í augljósan háska á ófyrirleitin hátt. Var ákærði dæmdur í átta mánaða fangelsi, skilorðsbundið til þriggja ára.

Maður var ákærður fyrir að hafa slegið skærum í höfuðið á öðrum manni með þeim afleiðingum að brotaþoli hlaut þrjú skurðsár á enni og var stærsti skurðurinn fimm sentimetra langur og náði niður að beini auk annarra minni áverka. Var þessi háttsemi talin vera sérstaklega hættuleg vegna þeirrar aðferðar að beita skærum við árásina. Ákærði var sakfelldur með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-877/2012 og hlaut hann þar 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi.

Tvítugur maður var ákærður fyrir að hafa slegið mann með steikarpönnu í andlitið með þeim afleiðingum að brotaþoli hlaut mar og yfirborðsáverka á nefi, kinnbeini, neðri vör, enni og í kringum augun. Var þessi háttsemi, að ráðast að öðrum manni með steikarpönnu og slá hann í andlitið með miklu afli, talin vera sérstaklega hættuleg líkamsárás. Var ákærði dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli nr. S-837/2012 í sex mánaða fangelsi óskilorðsbundið. Sökum langs sakaferils ákærða var ekki talið unnt að skilorðsbinda refsinguna.

Mál þar sem stórfellt líkams- eða heilsutjón hlaust af voru tvö á árinu 2012 sem sýnir að þau eru mun fátíðari heldur en líkamsárásir sem falla undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga sökum hættulegrar verknaðaraðferðar.

Maður var ákærður fyrir að hafa slegið brotaþola tveimur höggum sem lentu vinstra megin á hálsi brotaþola með þeim afleiðingum að hann hlaut bólgu og mar á hálsi, rof eða flysjun og lokun á vinstri innri hálsæð og miðhjarnaslagæð, sem varð til þess að drep myndaðist í vinstra heilahveli svo af hlaust hægri helftarlömun, sjónsviðsskerðing og málstol, sem síðar gekk til baka að mestu, en með áframhaldandi vægum helftareinkennum hægra megin með skerðingu á nærminni, einbeitingu, úthaldi og á getu til tjáningar sem leiddi til þess að brotaþoli þurfti að undirgangast langvarandi læknismeðferð og endurhæfingu. Afleiðingar hinnar meintu árásar komu ekki fram fyrr en morguninn eftir að hún átti

sér stað þegar brotaþoli fann til ofangreindra einkenna. Ákærði neitaði sök en viðurkenndi að til einhverra átaka hefði komið á milli hans og brotaþola en að hann hefði ekki slegið brotaþola líkt og ákært væri fyrir. Engin vitni gátu borið um þessi högg ákærða og þegar upp var staðið var það mat dómsins að slíkur vafi væri fyrir hendi í málinu að ákærði var sýknaður. Málinu var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Ríkissaksóknari höfðaði eitt mál á árinu 2012 er varðaði líkamsmeiðingar af gáleysi, sem ekki var í tengslum við umferðarlagabrot. Þar var maður ákærður fyrir að hafa tekið annan mann hálstaki en við það féllu þeir báðir í jörðina, með þeim afleiðingum að brotaþolinn hlaut ökklabrot og rof í liðbandi milli sköflungs og sperrileggs vinstri fótar. Undir rekstri málsins fyrir héraðsdómi kom fram að ákærði hefði verið að ganga á milli brotaþola og annars manns sem hann taldi að væru að fara slást og bar ákærði að hann hefði einungis ýtt brotaþola frá en ekki tekið hann hálstaki. Þeir hafi síðan báðir dottið með þeim afleiðingum sem áður greinir. Mat héraðsdóms var að ákærði hefði ekki gengið lengra en hann mátti við þessar aðstæður og ekki þótti sannað að hann hefði tekið brotaþola hálstaki og því ekki sýnt af sér saknæmt gáleysi í skilningi 219. gr. almennra hegningarlaga. Taldi héraðsdómur að fall brotaþola hafi verið óhappatilviljun og var ákærði því sýknaður og var málinu ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Sérstaklega hættulegar líkamsárásir tengjast oft öðrum hegningarlaga brotum, svo sem, ólögmætri nauðung (225. gr.) frelsissviptingu (226. gr.) og fjárkúgun (251. gr.), svo eitthvað sé nefnt. Í upphafi árs 2012 kom upp mál þar sem tveir þekktir ofbeldismenn ásamt öðrum samverkamönnum þeirra, samtals níu einstaklingar, fóru inn í hús og réðust gegn fjórum mönnum sem þar voru inni. Þessum níu mönnum var gefin að sök sérstaklega hættuleg líkamsárás, með því að slá brotaþolana ítrekað víðs vegar um líkama og í höfuð með hættulegum vopnum og bareflum, þ.á.m. golfkylfum, sleggju, kylfum, handlóðum og trépríkum og veitast að þeim með þeim hætti að brotaþolarnir áttu hvorki kost á því að komast undan ákærðu né verjast. Hlutu allir brotaþolarnir áverka á líkama og höfði og voru þetta skurðir, fingurbrot, mar og sár. Sá sem hlaut alvarlegustu áverkana hlaut þverbrot í gegnum nærhluta sköflungbeins hægri fótleggs og sex cm opinn skurð á framanverðum sköflungnum, brot á hægri hnéskel og fjölda annarra áverka. Þessum tveimur sakborningum voru þar að auki gefnar að sök tvær aðrar sérstaklega hættulegar líkamsárásir í samverknaði með því að slá báða þessa brotaþola með bareflum í höfuð og líkama með þeim afleiðingum að báðir brotaþolar fengu skurði á höfuð sem sauma þurfti saman. Þá var þeim gefin að sök ólögmæt nauðung í kjölfar þessara tveggja árása þar sem þeir neyddu vin annars brotaþolans til að kasta af sér þvagi yfir hann þar sem hann lá á gólfinu eftir líkamsárásina sem hann hafði orðið fyrir. Þessum tveimur sakborningum var einnig gefin að sök frelsissvipting og tilraun til fjárkúgunar og öðrum þeirra gefnar að sök tvær sérstaklega hættulegar líkamsárásir til viðbótar. Samtals voru þetta þrjár sérstaklega hættulegar líkamsárásir sem annar var ákærður fyrir og fimm sérstaklega hættulegar líkamsárásir hvað hinn varðar, auk fleiri brota. Í dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. 406/2012 voru þessir tveir menn ásamt hinum sjö sakfelldir og hlutu þessir tveir sakborningar sex og sjö ára fangelsi fyrir þessi brot sín. Voru refsingar þeirra síðan staðfestar í dómi Hæstaréttar nr. 148/2013 þann 13. október 2013.

## 3.4 Ávana- og fíkniefnabrot

Tveir dómar féllu í Hæstarétti þar sem sakfellt var fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, sbr. dóma í málum nr. 330/2012 og 611/2011.

Í fyrra málinu voru fjórir menn sakfelldir fyrir að hafa staðið saman að innflutningi á 877,81 g af kókaíni frá Danmörku sem ætluð voru til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Við ákvörðun refsingar var litið til hás styrkleika fíkniefnanna. Þá var einnig litið til þess að þáttur sakborninganna í skipulagningu og framkvæmd brotsins var misjafn. Sakborningur A sem talinn var hafa lagt á ráðin um innflutning fíkniefnanna, þar með talið fjármögnun, skipulagningu og ferðatilhögun var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi en við refsiákvörðun var meðal annars litið til þess að viðkomandi hafði nokkurn sakaferil. Sakborningur B sem útvegaði annan mann, sakborninginn D, til að flytja efnið til landsins, veitti honum leiðbeiningar um ferðatilhögun og afhenti honum farsíma, bókunarnúmer flugs og reiðufé fyrir ferðakostnaði og uppihaldi fékk 18 mánaða fangelsi. Við ákvörðun refsingar B var litið til sakaferils, þar með talið að hann hafði rofið almennt skilorð eldri dóms, fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi, og var sá dómur dæmdur upp. Sakborningur C sem fór til Danmerkur og afhenti efnið til D sem sá um að koma með efnið til landsins, fékk þriggja ára fangelsi fyrir aðild sína að brotinu. Við ákvörðun refsingar C var litið til sakaferils hans, þar með talið að hann hafði rofið skilyrði reynslulausnar og voru eftirstöðvar hins eldri dóms, 525 dagar, dæmdar upp. Sakborningur D, „burðardýrið“, sem fór til Danmerkur í því skyni að taka á móti og flytja fíkniefnin til landsins falin í farangri sínum fékk 15 mánaða fangelsi fyrir aðild sína að brotinu.

Í seinna málinu var sakborningur A sakfelld fyrir að hafa í ágóðaskyni ásamt tveimur öðrum sakborningum, B og C, staðið saman að innflutningi á samtals 464,66 g af kókaíni til söludreifingar hér á landi. A var sakfelld fyrir að hafa lagt á ráðin um innflutning fíkniefnanna, þar með talið séð um fjármögnun og ferðatilhögun og fengið B og C til verksins sem „burðardýr.“ Efnin fluttu B og C innvortis og innanklæða, til Íslands frá Spáni. A var dæmd í 15 mánaða fangelsi en við ákvörðun refsingar var meðal annars litið til að vilji hennar til verksins var styrkur og einbeittur. B og C, sem undu héraðsdómi, voru dæmd í 8 og 10 mánaða fangelsi.

Tíu ákærur voru gefnar út á árinu 2012 vegna tólf stórfelldra fíkniefnalagabrota samkvæmt 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Tvö brotanna voru vegna varslna á miklu magni fíkniefna í söluskyni en tíu voru vegna fíkniefnainnflutnings, þar af þrjú vegna innflutnings frá Danmörku, tvö vegna innflutnings frá Spáni, tvö vegna

innflutnings frá Póllandi, eitt vegna innflutnings frá Þýskalandi, eitt vegna innflutnings frá Bretlandi og eitt vegna innflutnings frá Hollandi. Samtals voru 18 manns ákærðir fyrir aðild að brotunum, þar af fjórir fyrir tvö brot. Sakfellingar voru samtals 16.

11 þeirra sem voru ákærðir voru „burðardýr“ við innflutning fíkniefnanna, átta karlar og þrjár konur. Tveir sakborninganna fluttu inn fíkniefnið MDMA (ecstasy), annar þeirra með 970 MDMA töflur og 13,26 g af sama efni í duftformi falið í tösku og hlaut hann 18 mánaða fangelsi, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. S-666/2012. Hinn var með 402,15 g af MDMA dufti innvortis, sem talið var að unnt væri að framleiða úr 5.478 MDMA töflur með 79% styrkleika, og hlaut viðkomandi tveggja og hálfs árs fangelsi, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjaness nr. S-613/2012. Fimm sakborninganna fluttu inn fíkniefnið kókaín, þar af flutti einn þeirra inn 1286,59 g af kókaíni innvortis í 108 pakkningum og var dæmdur í 15 mánaða fangelsi, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjaness nr. S-881/2012. Þá var einn sakborninganna handtekinn við komu til landsins með 670 g af kókaíni falið í hárkollu og hlaut viðkomandi 15 mánaða fangelsisdóm, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjaness nr. S-828/2012. Fjórir sakborninganna fluttu inn fíkniefnið amfetamín, þar af fluttu þrír þeirra í sameiningu í farangri sínum samtals 8.593,38 g af amfetamíni og hlaut hver þriggja ára fangelsisdóm, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur nr. S-489/2012.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. S-11/2012 var sakborningur dæmdur í fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot og tolla-, lyfja- og lyfsölulagabrot með því að hafa flutt inn 9.908,06 g af amfetamíni, 8.100 MDMA töflur, 200,37 g af kókaíni, 11,73 g af MDMA dufti og mikið magn af steralyfjum. Sakborningurinn var talinn skipuleggjandi innflutningsins og tók einnig þátt í framkvæmd brotsins með móttöku fíkniefnanna og lyfjanna í Hollandi og kom að sendingu þeirra til landsins sjóleiðis með flutningaskipi falin í vörugámi. Annar maður sem hafði stöðu sakbornings í málinu var sýknaður af aðild að brotinu.

## 3.5 Kynferðisbrot

Ríkissaksóknari gaf út 42 ákærur á árinu er vörðuðu kynferðisbrot. Voru sumar ákærurnar í mörgum liðum og tóku til margvíslegra tegunda kynferðisbrota. Verður hér vikið að því helsta.

### Nauðgun

Um mitt sumar var tæplega þrítugur karlmaður ákærður fyrir hrottafengna nauðgun á rúmlega tvítugum karlmanni. Tók ákærði brotaþola m.a. kverkataki og hótaði honum lífláti. Þá sló hann höfði hans utan í vegg, tók harkalega um höfuð hans og neyddi hann til munnmaka. Eftir munnmökin hótaði ákærði brotaþola frekara ofbeldi, hótaði að nauðga honum og smita hann af AIDS. Þá tók hann buxur hans niður og setti lim sinn að rassi hans. Einnig þrýsti ákærði framhandlegg sínum allt að fimm sinnum framan á háls brotaþola og hótaði honum lífláti. Brotaþoli hlaut talsverða áverka, m.a. roða á hálsi, mikinn roða í koki og rifur á gómboga auk einkenna heilahristings. Héraðsdómur Reykjavíkur sakfelldi ákærða og dæmdi hann til tveggja ára fangelsisrefsingar. Var í forsendum dómsins m.a. skírskotað til vottorðs geðlæknis sem verjandi ákærða hafði lagt fram en þar var tekið fram að um væri að ræða ungan mann með persónuleikaröskun, þunglyndi, kvíða og ýmis alvarleg félagsleg vandamál. Héraðsdómur leit til þessa og ákvað að hæfileg refsing væri tveggja ára fangelsi. Ríkissaksóknari felldi sig ekki við þá niðurstöðu og áfrýjaði málinu til refsiþyngingar. Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 93/2013 var fangelsisrefsing ákærða þyngd í þrjú ár og sex mánuði. Í forsendum dómsins var tekið fram að við ákvörðun refsingar yrði að gæta að því að kynferðisbrotið hafi verið hrottalegt og hann hafi þar beitt í senn ofbeldi og alvarlegum hótunum og hafi brotaþoli fengið talsverða áverka af hans völdum.

Í júlí var maður á sextugsaldri ákærður fyrir nauðgun með því að hafa á nuddstofu sem ákærði starfrækti, en ákærði hafði starfað sem nuddari í 22 ár, látið tæplega þrítuga konu, sem var í nuddi hjá honum vegna vandamála í mjóbaki, afklæðast nærbuxum og fyrir að hafa káfað á kynfærum hennar þar sem hún lá nakin á nuddbekk og sett fingur í leggöng hennar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. S-549/2012 var ákærði sakfelldur og dæmdur í tveggja ára fangelsisrefsingu. Málinu var áfrýjað en með dómi Hæstaréttar Íslands, í málinu nr. 682/2012, var dómur héraðsdóms ómerktur og vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar á ný. Vísað var til þess að skýrsla ákærða hjá lögreglu hefði gefið fullt tilefni til að verða við beiðni hans um að aflað yrði mats sérfróðra matsmanna varðandi tiltekin atriði. Héraðsdómur hafði hafnað beiðni hans um að dómkveðja matsmenn en kvatt til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómnum. Hæstiréttur benti á að ef sérfróðir matsmenn hefðu verið skipaðir þá hefði verjandi ákærða gefist ráðrúm til að spyrja nánar út í álit þeirra, afla gagna og eftir atvikum leita yfirmats. Með því að kveðja til sérfróða meðdómsmenn hefði ekki verið bætt úr þessum annmarka og því hafi vörn ákærða verið áfátt. Málið er sem stendur til meðferðar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur.

Í tveimur málum reyndi á hvort unnt sé að beita ákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með brotum er varða kynferðisbrot gegn börnum sem áttu sér stað fyrir gildistöku laga nr. 61/2007 sem breyttu kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Í apríl ákærði ríkissaksóknari mann á fimmtugsaldri fyrir kynferðisbrot gegn tveimur börnum, en í ákæru var tilgreint að brotin hafi átt sér stað á tímabilinu 1997 til 2010. Annar vegar var um að ræða brot gegn stúlku á tímabilinu 1998-2002, er hún var 12-15 ára. Hins vegar var um að ræða brot gegn dreng er hann var 5-18 ára. Í báðum tilvikum var ákært fyrir brot gegn 194. gr. auk annarra ákvæða er varða kynferðisbrot gegn börnum. Var í ákæru vísað til þess að ákærði hefði við verknaðinn beitt þau ólögmætri nauðung og notfært sér yfirburðastöðu sína gagnvart þeim. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, í málinu nr. S-272/2012, var ákærði sakfelldur og fallist var á framangreinda heimfærslu ákæruvaldsins til refsiákvæða. Var ákærða gert að sæta sjö ára fangelsisrefsingu. Hæstiréttur var ekki á sama

máli og taldi brotin ekki varða við ákvæði 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga og vísaði í rökstuðningi sínum til dóms sins í málinu nr. 562/2011, en staðfesti að öðru leyti niðurstöðu dómsins um heimfærslu til refsiákvæða að mestu leyti. Var refsing ákærða þó þyngd í átta ára fangelsi, sbr. dóm Hæstaréttar í málinu nr. 737/2012.

Í hinu málinu þar sem reyndi á sömu heimfærslu var rúmlega fertugur karlmaður ákærður fyrir margvísleg kynferðisbrot gagnvart stjúpdóttur sinni er hún var 10-21 árs og gagnvart dóttur sinni er hún var 13-14 ára. Brotin áttu að hafa gerst á árunum 2001-2012, þ.e. hluti þeirra átti sér stað fyrir gildistöku laga nr. 61/2007. Í dómi Héraðsdóms Reykjaness, í málinu nr. S-540/2012, var ákærði sýknaður af brotum gegn dóttur sinni, en talið sannað að hann hafi brotið gegn stjúpdóttur sinni er hún var 11-18 ára. Var hann einnig sakfelldur fyrir vörslur á barnaklámi. Var hann dæmdur til átta ára fangelsisrefsingar. Varðandi það hvort beita ætti ákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga vísaði dómurinn til þess að fram að gildistöku laga nr. 61/2007 hafi réttarframkvæmd almennt gengið út á það, þegar um kynferðisbrot gegn börnum er að ræða, að heimfæra þau brot eingöngu til ákvæða í 200. til 202. gr. almennra hegningarlaga. Hafi þannig almennt verið litið svo á að ekki kæmi til álita að ákæra samhliða þeim brotum fyrir nauðgunarbrot, enda væri ekkert fram komið sem yki á saknæmi brotsins sem réttlætt gæti slíka heimfærslu. Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 562/2011 hafi í fyrsta skiptið verið vikið frá þessu, en þá á grundvelli þeirrar rýmkunar á gildissviði nauðgunarákvæðis almennra hegningarlaga sem lög nr. 61/2007 höfðu í för með sér og vegna brots sem framið var eftir gildistöku þeirra. Með vísan til þessa og atvika málsins var það niðurstaða héraðsdóms að ekki væru skilyrði til að heimfæra þau brot sem áttu sér stað fyrir gildistöku laga nr. 61/2007 undir ákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga og var vikið sérstaklega að því að engu breytti þótt ekki yrði dregið í efa að ákærði hafi notfært sér yfirburðastöðu sína gagnvart stjúpdóttur sinni vegna aldurs og reynslu og sem þolanda þessara brota. Hvað varðar þau brot sem áttu sér stað eftir gildistöku laganna var vísað til þess að brotaþoli hafi verið á 17. aldursári er breytingalögin tóku gildi. Sjónarmið þau sem fram koma í lögskýringargögnum um að taka skuli tillit til ungs aldurs þolanda við skýringu á 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga þóttu því ekki eiga við. Þá var ekki talið sannað að ákærði hafi við verknaðinn beitt ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung. Málinu var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Framangreindir dómar eru athyglisverðir. Í þeim er að finna gagnlegar og leiðbeinandi upplýsingar um það hvaða áhrif breytingalögin nr. 61/2007 hafi á túlkun og beitingu 194. gr. almennra hegningarlaga og þá aðallega hvort ákvæðinu verði beitt með öðrum ákvæðum þegar um er að ræða kynferðisbrot gegn börnum sem áttu sér stað fyrir gildistöku laganna. Þá er að finna athyglisverða niðurstöðu í ofangreindum dómi Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. S-540/2012 en þar var litið svo á að ekki væri fært að beita ákvæði 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga með 1. mgr. 201. gr. sömu laga, en brotaþoli var á 17. aldursári er breytingalögin tóku gildi. Í athugasemdum með 2. gr. frumvarpsins er tekið fram að ekki sé lagt til að lögfest verði sérstakt ákvæði líkt og er í norsku hegningarlögunum þar sem beinlínis er tekið fram að taka skuli tillit til þess ef þolandi er yngri en 14 ára þegar metið er hvort beitt hafi verið ofbeldi, hótunum eða kynmök höfð við þann sem gat ekki varist verknaðinum. Á hinn bóginn er tekið skýrt fram í frumvarpinu að það sé vilji löggjafans að sjónarmiðið um tillit til ungs aldurs þolanda verði haft að leiðarljósi við skýringu ákvæðisins. Það er því dómstólanna að vega og meta við hvaða aldur beri að miða og mun framtíðin væntanlega leiða það í ljós.

Ríkissaksóknari gaf út fjórar ákærur á árinu 2012 þar sem ákært var fyrir brot gegn 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Í tveimur málanna var sýknað en sakfellt í hinum. Í nóvember var 23 ára karlmaður ákærður fyrir að hafa haft samræði við 25 ára konu á hótelherbergi og notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar og svefndrunga. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þann 4. mars 2013 var ákærði sakfelldur og dæmdur til tveggja ára fangelsisvistar. Hæstiréttur Íslands staðfesti dóminn þann 3. október 2013 í málinu nr. 266/2013. Í desember 2012 var tvítugur karlmaður ákærður fyrir að hafa haft munnmök við 21 árs gamlan mann gegn vilja hans og notfært sér að hann gat ekki spornað við kynferðismökunum sökum ölvunar, vímuefnaáhrifa og svefndrunga. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. S-10/2013 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 15 mánaða fangelsi. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar og var refsing ákærða þyngd. Var hann var dæmdur í tveggja ára fangelsi.

### Kynferðisleg áreitni og brot gegn blygðunarsemi

Fimm ákærur voru gefnar út á árinu fyrir brot gegn blygðunarsemi, þ.e. 209. gr. almennra hegningarlaga, og fjórar ákærur fyrir kynferðislega áreitni, þ.e. 199. gr. almennra hegningarlaga, en í tveimur þeirra var að auki ákært fyrir brot gegn blygðunarsemi. Upptökur á myndavélasíma eða myndbandsupptökuvél var nokkuð áberandi verknaðaraðferð, eða í fjórum málum af þessum níu. Í málunum voru myndir eða myndbandsupptökur teknar af brotaþolunum nöktum eða fáklæddum án heimildar og vitundar þeirra og voru staðirnir sem verknaðirnir átti sér stað á, baðherbergi, búningsklefi íþróttahúss, sundlaug og sólbaðsstofa.

Umfjöllun um mál, sambærilegt þessum, var í ársskýrslu ríkissaksóknara árið 2011. Þar kom fram að í desember 2011 var karlmaður ákærður fyrir að hafa áreitt kynferðislega tvær 14 ára stúlkur með því að hafa tekið fjölda ljósmynda af þeim þar sem þær lágu naktar á ljósabekk, án þeirrar vitundar, og enn fremur fyrir vörslur á myndunum. Hæstiréttur kvað upp dóm í málinu í janúar 2013, sbr. mál nr. 335/2012. Hæstiréttur taldi að hvorki af orðalagi 2. mgr. 202. gr., sbr. 199. gr. hgl., né af lögskýringargögnum um ákvæðin væri ráðið skýrlega að kynferðisleg áreitni gæti verið fólgin í háttsemi sem sá, sem hún beindist að, yrði ekki var við. Skýrði Hæstiréttur þennan vafa um inntak ákvæðisins ákærða í hag og voru brot hans heimfærð undir 209. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga.

Í einu af fjórum hinna framangreindu mála var ákært aðallega fyrir brot gegn 199. gr. almennra hegningarlaga., en til vara fyrir brot gegn 209. gr., eins og gert var í málinu frá 2011, en því máli lauk sem játningarmáli. Í annarri ákærunni var háttsemin heimfærð aðallega undir 209. gr. hgl., en til vara undir 199. gr., en sú heimfærsla skýrist af því að

refsirammi fyrrgreinda ákvæðisins er hærri en hins síðargreinda. Þessu máli lauk einnig með játningu ákærða og ekki reyndi á heimfærsluna fyrir dómi. Í þeim tveimur málum, sem eftir standa, var háttsemin í ákæru heimfærð undir 209. gr. almennra hegningarlaga. Ef brotaþolar voru undir 18 ára aldri var einnig ákært fyrir brot gegn 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Með framangreindum dómi Hæstaréttar er nú komið skýrt fordæmi um að heimfæra beri háttsemina undir blygðunarsemisákvæði 209. gr. þegar brot er framið án vitneskju brotaþola. Ef þannig væri ástatt um brotaþola sem greinir í 2. mgr. 194. gr. hgl., þ.e. að brotaþoli gat ekki spornað við kynferðismökum vegna t.d. svefndrunga eða ölvunar, og um leið tæki gerandi myndir eða myndband af brotaþola án vitundar hans, myndi sú háttsemi falla undir kynferðislega áreitni, sbr. dóm Hæstaréttar í máli 562/2011.

## Kynferðisbrot gegn börnum, samræði og önnur kynferðismök

Auk þeirra mála sem að ofan greinir ákærði ríkissaksóknari í fleiri málum er varða kynferðisbrot gegn börnum þar sem haft hafði verið við þau samræði eða önnur kynferðismök. Mál þar sem ákærðu voru um tvítugt er þeir brutu af sér, en brotaþolar á kynþroskaaldri, voru áberandi á árinu.

Í maí var rúmlega tvítugur karlmaður ákærður fyrir að hafa ítrekað haft samræði við 14 ára stúlku. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. S-353/2012 var ákærði sakfelldur og honum ákvörðuð 12 mánaða refsing skilorðsbundin í 2 ár.

Í júní var maður ákærður fyrir að hafa í þrjú skipti á árunum 2010 og 2011 haft samræði og önnur kynferðismök við stúlku er hún var 12 til 13 ára gömul. Ákærði var 19 ára þegar brotin áttu sér stað. Ákærði neitaði sök í málinu og kvaðst einungis hafa hitt brotaþola í eitt skipti er hún var með bróður sínum. Þá kvaðst hann ekki vita um aldur hennar. Í gögnum málsins lá hins vegar fyrir að 35 smáskilaboð hafi verið send úr síma hans í síma brotaþola. Ákærði vildi ekki útiloka að einhver annar hefði komist í símann og sent skilaboðin en vissi þó ekki til að annar hefði haft aðgang að símanum. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. S-558/2012 var ákærði dæmdur í 15 mánaða fangelsi en refsing bundin skilorði að öllu leyti. Dómurinn leit til þess að ákærði hafði hreinan sakaferil og þá þótti málið hafa dregist án þess að það væri útskýrt frekar í forsendum dómsins.

Í júlí höfðaði ríkissaksóknari mál á hendur 22 ára karlmanni fyrir að hafa í eitt skipti í ágúst 2009, er ákærði var um tvítugt, haft samræði við 13 ára stúlku. Ákærði neitaði sök í málinu og kvaðst aldrei hafa hitt þessa stúlku, né kvaðst hann þekkja hana. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. S-534/2012 var ákærði sakfelldur og dæmdur í 15 mánaða fangelsisrefsingu en fullnustu 12 mánaða af refsingunni var frestað skilorðsbundið í tveggja ár. Dómurinn vísaði til nokkurra atriða í rökstuðningi sínum fyrir sakfellingu, m.a. að stúlkan gat lýst heimili ákærða og bifreiðum sem hann ók á þessum tíma. Þá lágu fyrir gögn um símtöl og tölvusamskipti milli ákærða og brotaþola.

Þá reyndi á refsilækkunarheimild í 2. ml. 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga en þar er tekið fram að lækka megi refsingu eða láta hana falla niður ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi. Í athugasemdum með 10. gr. frumvarpsins er varð að lögum nr. 61/2007 er tekið fram að aldur geranda og þolanda skipti miklu máli þegar alvarleiki brots er metinn og refsing er ákveðin. Síðan segir: „Þeir eru á svipuðu þroskastigi þegar jafnræði er með þeim, bæði að líkamlegum þroska og andlegum. Þeir eru á svipuðum aldri þegar á milli þeirra eru 2-3 ár hið mesta. Bæði skilyrðin, um aldur og þroska, þurfa að vera fyrir hendi svo að ákvæðið eigi við.“ Á þetta reyndi í máli sem ríkissaksóknari höfðaði í nóvember árið 2012. Þar var ákærða gefið að sök kynferðisbrot gegn 12 ára stúlku á heimili sínu, með því að hafa, er hann var 16 ára,  með ofbeldi og ólögmætri nauðung þröngvað henni til samræðis og annarra kynferðismaka. Ákært var fyrir 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. S-939/2013 var ákærði sýknaður af broti gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga en sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 202. gr. sömu laga. Í forsendum dómsins fyrir ákvörðun refsingar eru ofangreind sjónarmið í frumvarpinu reifuð og síðan tekið fram að dómurinn meti það svo, með vísan til vottorða og framburðar tiltekins læknis, að með ákærða og brotaþola hafi verið nokkurt jafnfræði, bæði hvað varðar aldur og andlegan og félagslegan þroska. Var því talið unnt að beita framangreindri refsilækkunarheimild og refsing ákærða ákveðin fangelsi í fjóra mánuði en fullnustu refsingar frestað héldi ákærði almennt skilorð. Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu til Hæstaréttar og krafðist þess að sakfelling yrði staðfest en refsing þyngd. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um ákvörðun refsingar, sbr. dómur í málinu nr. nr. 271/2013, en taldi að ekki væru skilyrði til að beita ofangreindri refsiheimild þar sem aldursmunur ákærða og brotaþola hafi verið þrjú og hálft ár er atvik gerðust og því væru skilyrði 2. málsliðar 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga ekki uppfyllt. Hins vegar mat Hæstiréttur það svo að skilyrði 2. tl. 1. mgr. 74. gr. sömu laga væru uppfyllt, en þar er tekið fram að hafi brot verið drýgt af manni sem þá er ekki fullra 18 ára að aldri, og álíta megi vegna æsku hans að full refsing sé ónauðsynleg eða skaðleg þá megi færa refsingu niður úr því lágmarki sem ákveðin er í lögum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að samkvæmt vottorði og framburði læknis væri andlegum þroska ákærða verulega ábótavant.

## 200.gr. almennra hegningarlaga

Ríkissaksóknari gaf út ákæru í þremur málum sem vörðuðu brot gegn 1. og/eða 2. mgr. 200. gr. hgl. en samkvæmt ákvæðinu eru samræði, önnur kynferðismök og önnur kynferðisleg áreitni við barn geranda eða annan niðja refsiverð. Hin nánu tengsl milli geranda og brotaþola gera þessi mál e. t. v. enn flóknari og erfiðari í víðtækum skilningi en önnur kynferðisbrot.

Dæmi um slíkt er mál sem ríkissaksóknari höfðaði á hendur manni á fertugsaldri í janúar 2012 fyrir kynferðisbrot gegn dóttur hans á árinu 2011, en þá var hún 10 ára gömul. Var hann ákærður fyrir að hafa í fjögur skipti látið hana sjúga á sér kynfærin uns hann hafði sáðlát í munn hennar, í þrjú skipti sleikt á henni kynfærin, í eitt skipti reynt að hafa við hana endaþarmsmök og með því að hafa a. m. k. í tvö skipti þreifað á berum brjóstum hennar og í nokkur skipti á árinu spurt hana hvort brjóstin hennar væru að stækka. Í ákæru var háttsemin heimfærð undir 1. og 2. mgr. 200. gr. og 1. og 2. mgr. 202. gr. hgl. Lýsingin í ákæru var byggð á framburði stúlkunnar í Barnahúsi. Stúlkan var um tíma vistuð hjá fósturforeldrum, vegna gruns um að móðir hennar væri að reyna að fá hana til að draga framburð sinn til baka. Ákærði neitaði sök. Héraðsdómur sakfelldi ákærða samkvæmt ákærunni þann 28. mars 2012 og dæmdi í fangelsi í fjögurra ár en Hæstaréttur ómerkti dóminn og vísaði honum aftur heim í hérað, sbr. dóm nr. 241/2012 frá 7. júní 2012. Ómerkingin var annars vegar vegna þess að verjanda þótti ekki hafa gefist nægilegt ráðrúm til að undirbúa endurflutning málsins, sbr. 1. mgr. 184. gr. sakamálalaga, en hann hafði óskað eftir fresti til þess, sem hafnað var af héraðsdómi. Hins vegar vegna þess að héraðsdómur hafði hafnað því að verjandinn legði fram, í sama þinghaldi og endurflutningurinn fór fram og dómur var kveðinn upp, mynddisk með upptöku af stúlkunni þar sem hún lýsti yfir að faðir hennar hefði ekki framið umrædd brot gegn henni. Upptakan virtist hafa verið gerð kvöldið fyrir þinghaldið. Hæstiréttur taldi tilefni hafa verið til að stúlkan yrði kvödd fyrir dóm til frekari skýrslugjafar og að dómurinn gæfi sakflytjendum eftir atvikum kost á að afla matsgerðar um þroska og heilbrigðisástand stúlkunnar. Í kjölfar dóms Hæstaréttar voru tveir matsmenn tilkvaddir. Annar matsmaðurinn, sálfræðingur, mat frásögn stúlkunnar um meint brot föður hennar trúverðuga. Taldi hann erfitt að meta hvort vanlíðan stúlkunnar stafaði af því að hafa borið rangar sakir á föður sinn eða af því að hafa dregið réttan framburð til baka og tala gegn eigin upplifun. Skapgerð hennar og aðstæður hafi verið til þess fallnar að auka líkur á því að hún drægi framburð sinn til baka. Fyrir dómi kom m. a. fram hjá sálfræðingnum að hann hafi dregið þá ályktun að leitast hafi verið við að koma inn ákveðnum efa hjá stúlkunni eða að hún sem barn hafi upplifað það. Hinn matsmaðurinn, barnageðlæknir, taldi stúlkuna sýna móður sinni traust og virðingu og hún hefði áhyggjur af henni. Hún sýndi eðlileg tilfinningaleg viðbrögð gagnvart móður og virtist tilbúin að fórna sannleikanum til að hjálpa foreldrum sínum gegn dómsmálakerfinu. Fyrir dómi kvaðst læknirinn ekki getað svarað því hvort að fyrri saga stúlkunnar eða sú síðari var rétt. Ný skýrsla var tekin af stúlkunni og kvaðst hún þá hafa borið föður sinn röngum sökum og kom með ákveðnar skýringar á því. Einnig voru teknar skýrslur af öðrum vitnum og ákærða á nýjan leik. Sálfræðingur stúlkunnar í Barnahúsi gaf skýrslu fyrir dómi og kom m. a. fram hjá honum að ekki væri hægt að sjá að neitt væri sameiginlegt með máli stúlkunnar og þeirra barna sem segðu ósatt um kynferðisbrot og vísaði í því sambandi m. a. til félagslegra aðstæðna og tilfinninga stúlkunnar. Móðir stúlkunnar kvaðst fyrir dómi snemma hafa fengið efasemdir um að upphafleg saga dóttur hennar væri rétt og að efasemdir hennar hefðu aukist síðar, er hún fann netsamskipti á kynferðislegum nótum í tölvu dótturinnar, auk þess sem ekkert varðandi dótturina sjálfa hefði gefið til kynna að eitthvað væri að. Verjandi ákærða aflaði einnig álitsgerðar annars barna- og unglingageðlæknis, sem einnig bar vitni fyrir dóminum, þess efnis að hann teldi ekki tilefni til að draga í efa lýsingu og fullyrðingar stúlkunnar um hvernig hún hafi blandað saman lýsingum á meintum kynferðisbrotum föður gegn henni og kynferðislegum samskiptum sem hún hefði átt á netinu. Héraðsdómur kvað á ný upp dóm í málinu þann 30. apríl 2013 í máli nr. S-1/2012. Í forsendum dómsins er vikið að matsgerðunum tveimur og niðurstöðum þeirra og á hinn bóginn litið til myndupptökunnar sem stúlkan gerði og seinni framburðar hennar fyrir dómi, sem og til gagna um Facebook-samskipti stúlkunnar og móður hennar þar sem fram kom að hún kvað móður sína ekki hafa fengið hana til að breyta sögu sinni. Taldi dómurinn ekki fram komna sönnun um sekt ákærða og sýknaði hann. Af hálfu ákæruvaldsins var ákveðið að láta við svo svo búið standa.

### 201. gr. almennra hegningarlaga

Ákært var í fimm málum fyrir trúnaðarbrot, þ.e. brot gegn þágildandi 1. og/eða 2. mgr. 201. gr. hgl., og í þeim öllum var einnig ákært fyrir brot gegn öðrum ákvæðum. Í janúar 2012 var 25 ára gamall karlmaður ákærður fyrir brot gegn tveimur unglingsstúlkum á árinu 2011 en í máli þessu reyndi á túlkun ákvæða þágildandi 1. og 2. mgr. 201. gr. hgl. auk þess sem tekist var á um hvort ákærði hefði hlotið réttláta málsmeðferð. Í ákæru voru brot ákærða talin varða við 1. og 2. mgr. 202. gr. hgl., þ.e. kynferðisbrot gegn barni, og við 1. og 2. mgr. 201. gr. hgl., þ.e. trúnaðarbrot, þar sem ákærða hefði verið treyst fyrir stúlkunum til kennslu og uppeldis sem stuðningsfulltrúi við grunnskóla og sem leiðbeinandi í ungmennastarfi. Brot ákærða gegn stúlkunni A voru kynferðisleg áreitni í eitt skipti og önnur kynferðismök en samræði í annað skipti og gegn stúlkunni B kynferðisleg áreitni í allt að átta skipti. Með dómi héraðsdóms frá 23. mars 2012 var ákærði sakfelldur þrátt fyrir neitun og dæmdur í fangelsi í 2 ár en héraðsdómur mat framburði stúlknanna trúverðuga og lagði þá til grundvallar niðurstöðu. Héraðsdómur leit svo á að með starfi sínu sem stuðningsfulltrúi í grunnskóla hefði ákærða verið trúað fyrir nemendum við skólann til kennslu og uppeldis og með því hefði ákærði framið trúnaðarbrot gagnvart A, sem var nemandi við skólann. Hins vegar var ákærði sýknaður af trúnaðarbroti gagnvart B þar sem ekki var talið að hann hefði verið búinn að skuldbinda sig til starfa fyrir þau samtök sem hann sá um ungmennastarf hjá sem sjálfboðaliði, en fram var komið að B sótti fundi hjá samtökunum. B var ekki nemandi við skólann sem ákærði starfaði hjá. Fyrir Hæstarétti hélt ákærði því fram að hann hefði ekki notið réttlátrar málsmeðferðar en hann talaði arabísku og túlkur á arabísku hafði túlkað fyrir hann við rannsókn málsins og fyrir dómi, en túlkurinn var frá öðru landi en ákærði. Hæstiréttur taldi vörn ákærða ekki hafa verið áfátt vegna túlkunarinnar en ómerkti hins vegar dóm héraðsdóms þar sem ekki varð séð að ákæran hefði verið þýdd úr íslensku á arabísku fyrir ákærða né að túlkurinn hefði við meðferð málsins þýtt hana orðrétt fyrir hann, auk þess sem skýrslur brotaþola og annarra vitna fyrir dómi hefðu ekki verið þýddar, sbr. dóm réttarins í máli nr. 309/2012. Í desember 2012 fór aðalmeðferð málsins að nýju fram, en áður en til hennar kom höfðu umrædd gögn verið þýdd á arabísku og lögð fram í milliþinghaldi. Ákæruvaldið féll frá heimfærslu til 2. mgr. 201. gr. hgl. varðandi brot gegn stúlkunni B og héraðsdómur sakfelldi ákærða á ný samkvæmt ákærunni svo breyttri og dæmdi hann í fangelsi í 2 ár. Ákærði áfrýjaði aftur til Hæstaréttar. Hæstiréttur féllst ekki á þá málsástæðu ákærða að hann hefði ekki notið réttlátrar málsmeðferðar við meðferð málsins eftir að því var heimvísað. Varðandi heimfærsluna til trúnaðarbrots féllst Hæstiréttur ekki á að tengsl ákærða við A hafi verið með þeim hætti sem greindi í 1. mgr. 201. gr., sbr. breytingarákvæði

5. mgr. 202. gr. hgl., sem þá hafði tekið gildi. Þó að ákærði hefði gert ráðningarsamning við skólann sem A gekk í væri óumdeilt að starf hans hafi eingöngu falist í að styðja ákveðinn hóp barna af erlendum uppruna og ekkert fram komið í málinu að hann hafi átt að hafa eða haft samskipti við A á vegum skólans. Að öðru leyti staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms en miðað var við að brotin gegn B hafi verið færri en í ákæru greindi. Við ákvörðun refsingar leit Hæstiréttur m. a. á yfirburðastöðu ákærða gagnvart stúlkunum, hreins sakaferils og tafa á rekstri málsins sem honum varð ekki um kennt og mildaði refsinguna í fangelsi í 18 mánuði, sbr. dóm í máli nr. 111/2013.

## 3.6. Brenna

Á árinu gaf ríkissaksóknari út þrjár ákærur þar sem ákært var fyrir brot gegn 164. gr. almennra hegningarlaga. Í tveimur málum var ákært fyrir brennu, auk fleiri brota. Í þriðja málinu var eingöngu ákært fyrir brennu, það mál vakti nokkra athygli.

Í því máli var A ákærður fyrir brennu með því að hafa, 15. júlí 2010, komið steinolíubleyttum eldhúspappír fyrir í rafmagnstöflu í íbúðarhúsnæði í Reykjavík, borið eld að rafmagnstöflunni og valdið með því eldsvoða sem hafði í för með sér almannahættu og eignatjón auk hættu á yfirgripsmikilli eyðingu eigna annarra, hefði eldurinn náð að breiðast frekar út. Ákærði neitaði sök. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 28. mars 2012 í máli nr. S-1/2012, var ákærði sakfelldur. Í niðurstöðukafla dómsins kom fram að 13. september 2010 var ákærði dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir brennu, sá dómur var staðfestur í Hæstarétti 21. júní 2011. Var ákærða því dæmdur hegningarauki og refsing hans samkvæmt því ákveðin eins árs óskilorðsbundið fangelsi, að frádreginni gæsluvarðhaldsvist. Málinu var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

## 3.7. Brot gegn valdstjórninni

Ríkissaksóknari gaf út á árinu 37 ákærur fyrir brot gegn valdstjórninni og voru 39 einstaklingar ákærðir. Þá voru tveir einstaklingar ákærðir tvisvar sinnum á árinu fyrir valdstjórnarbrot. Í langflestum málanna voru lögreglumenn þeir opinberu starfsmenn sem veist var að við skyldustörf, eða í alls 32 málum. Í þremur málum beindust brot ákærða annars vegar að lögreglumanni eða lögreglumönnum og hins vegar að öðrum opinberum starfsmanni eða starfsmönnum. Í einu málanna beindust brotin að starfsmanni meðferðarheimilis og lögreglumönnum. Í öðru slíku máli beindust brotin að fulltrúa sýslumannsins í Reykjavík og aðstoðarmanni hans og lögregluvarðstjóra. Í þriðja málinu var G ákærður fyrir valdstjórnarbrot framin í Héraðsdómi Reykjaness þar sem tekin var fyrir krafa lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um að G sætti gæsluvarðhaldi. Var G gefið að sök að hafa, eftir að dómari hafði að kröfu S aðstoðarsaksóknara, úrskurðað G í gæsluvarðhald, hótað S ofbeldi. Ennfremur var G gefið að sök að hafa hótað lögreglumanninum O ofbeldi og reynt að hrækja á O. Loks var G gefið að sök að hafa í lögreglubifreið á leið í fangelsið að Litla-Hrauni hótað lögreglumönnunum A og M lífláti, auk þess að hóta að beita fjölskyldu A ofbeldi. Þá var G einnig ákærður fyrir fíkniefnalagabrot og gekkst hann við þeim sakargiftum. Að öðru leyti neitaði ákærði sök. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S-922/2011 var G sýknaður af því að hafa hótað lögreglumönnunum A og M lífláti, en sakfelldur að öðru leyti fyrir þá háttsemi sem honum var gefin að sök í ákæru. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að brot G beindust að lögreglumönnum sem hafa heimildir til líkamlegrar valdbeitingar, sbr. 2. ml. 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Einnig var litið til þess að brot G voru ófyrirleitin, sérstaklega gagnvart S og A. Þá þótti það auka á alvarleika brotanna að hluti þeirra voru framin í dómsal. Þá var litið til ítrekunarheimildar 3. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Var ákærði dæmdur í 12 mánaða fangelsi, en vegna alvarleika brotanna og sakaferils ákærða kom ekki til álita að skilorðsbinda refsinguna að neinu leyti. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Í 5 málum var ákært fyrir brot gegn öðrum opinberum starfsmanni en lögreglumanni. Í einu máli var ákært fyrir ofbeldi gegn starfsmanni meðferðarheimilis og í öðru máli var ákært fyrir ofbeldi gegn starfsmanni Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Þá var í þriðja málinu ákært fyrir að ráðast með hótunum um ofbeldi eða líflát gegn stöðumælaverði, í því fjórða var ákært fyrir ofbeldi gegn aðstoðarleikskólastjóra og í því fimmta var ákært fyrir ofbeldi gegn starfsmanni barnaverndarnefndar.

Ofbeldi var sú verknaðaraðferð sem oftast var ákært fyrir, en í nokkrum málum var ákært fyrir hótanir um ofbeldi og/eða líflát. Þá var í einu máli ákært fyrir að tálma því að lögreglumenn gætu sinnt skyldustörfum sínum. Í öðru máli var ákært fyrir að tálma fulltrúa sýslumanns og aðstoðarmanni hans við framkvæmd aðfarargerðar.

Í sex málum var sýknað að hluta eða að öllu leyti. Í einu máli var ákært fyrir tvö valdstjórnarbrot og var ákærði sýknaður af öðru brotinu. Í öðru máli þar sem var ákært fyrir brot gegn valdstjórninni, var ákærði sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins sökum ósakhæfis, en dæmdur til að sæta öryggisgæslu samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga. Rétt er að geta þess að málið var sameinað öðru máli þar sem var ákært fyrir manndráp.

Í þeim málum þar sem var sakfellt var refsing oftast ákveðin skilorðsbundið fangelsi að öllu leyti.

Einn dómur sem varðaði valdstjórnarbrot féll í Hæstarétti á árinu og staðfesti rétturinn dóm héraðsdóms um sakfellingu vegna valdstjórnarbrots auk þjófnaðar með dómi í máli nr. 360/2011. Við ákvörðun refsingar í Hæstarétti var meðal annars litið til ítrekunarheimildar 3. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

Hér að neðan eru reifaðir nokkrir héraðsdómar vegna brota gegn valdstjórninni sem uppkveðnir voru á árinu.

Á var ákærður fyrir að hafa, á skrifstofu Innheimtustofnunar sveitarfélaga veist að J, starfsmanni stofnunarinnar, en ákærði sló til J og klóraði á hálsi, með þeim afleiðingum að J hlaut rispur á hálsi og væga tognun á hægri baugfingri. Ákærði neitaði sök. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-177/2011 var ákærði dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára.

G veittist með ofbeldi að lögreglumönnunum R og M, greip í hálsmál R með báðum höndum og sló til hans og auk þess sparkaði hann í fætur R og M. Ákærði játaði sök fyrir dómi. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S-547/2011 var ákærði dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára.

Á var ákærður fyrir að hafa ráðist með hótunum um ofbeldi og líflát að S, stöðumælaverði, en Á sagði við hana: „...ég elska að lemja fólk, ég elska það ha og þú ert ekkert að fara að sekta mig hérna...“ og „...þú setur ekki fokking sekt á bílinn minn hérna, þetta er 5000 kall fyrir ekki fokking neitt! Ha, fokking langar mig að drepa þig maður.“ Í sömu ákæru var Á gefið að sök ærumeiðandi móðganir gagnvart S. Ákærði játaði sök fyrir dómi. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-1135/2011 var ákærði dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára.

S var ákærður fyrir að hafa, í herbergi á deild 32C á Landspítalanum við Hringbraut, slegið í hendi lögreglumannsins B sem hugðist rétta ákærða vatnsglas, því næst slegið til hans með krepptum hnefa en B náði að víkja sér undan högginu, en þá náð taki á höfði B og þrýst því fast að sér og eftir að B náði að losa sig sló ákærði tvisvar sinnum til hans með krepptum hnefa og hæfði annað höggið B í búkinn. Af þessu hlaut B hruflsár á báðum upphandleggjum, báðum olnbogum og hægri framhandlegg, sár á vinstri löngutöng og á vinstri augabrún auk tognunar og ofreynslu á hálshrygg. Ákærði neitaði sök. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-1213/2011 var ákærði sakfelldur. Var það mat dómsins að virtum sakarferli ákærða, sem var allnokkur, væri það þýðingarlítið að dæma hann til refsingar sem bundin yrði skilyrði að hann héldi sig frá vímuefnaneyslu eins og verjandi hans hafði lagt til. Refsing ákærða var hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi.

A var ákærð fyrir brot gegn valdstjórninni, gagnvart E, starfsmanni barnaverndarnefndar, er E hafði afskipti af henni við skyldustörf sín. Þá var A ákærð fyrir að hafa á meðferðarheimilinu A, gert tilraun til að kasta skó og kertastjaka í E og reynt að slá hana og klóra í andlit. Ennfremur var hún ákærð fyrir að hafa í bifreið sem lagt var við þjóðveginn skammt norðan Blönduóss, slegið E með krepptum hnefa í höfuð og upphandlegg. Loks var hún ákærð fyrir að hafa á meðferðarheimilinu H, hrint E þannig að hún missti jafnvægið og hótað henni ofbeldi en ákærða sagðist skyldi komast að því hvar E ætti heima og láta berja hana. Ákærða játaði sök fyrir dómi. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S-206/2011 var ákvörðun refsingar ákærðu frestað skilorðsbundið í tvö ár.

## 3.8. Brot í opinberu starfi

Fimm ákærur voru gefnar út á árinu vegna brots í opinberu starfi eða brots gegn XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sýknað var í þremur málum af fimm og eitt þeirra sætir nú áfrýjun til Hæstaréttar.

G var sakfelld fyrir fjárdrátt í opinberu starfi með því að hafa á sjö mánaða tímabili í starfi sínu sem sendiráðsfulltrúi í sendiráði Íslands í A og síðar stjórnarráðsfulltrúi og starfsmaður á rekstrar- og þjónustusviði utanríkisráðuneytisins dregið sér og notað heimildarlaust í eigin þágu samtals 335.768 evrur. Var brot hennar talið varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 138. gr. sömu laga. Í hinum áfrýjaða dómi, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna hans, sbr. mál nr. 45/2011, var talið sannað með játningu G og öðrum gögnum málsins að hún væri sek um þá háttsemi sem henni var gefin að sök. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að um stórfellt brot var að ræða í opinberu starfi sem náði yfir sjö mánaða tímabil. G játaði brot sitt skýlaust og vísaði á gögn sem flýttu fyrir rannsókn málsins. Þá hafði hún greitt til baka 76.730 evrur. Var refsing G ákveðin fangelsi í 2 ár og voru 22 mánuðir af refsingunni bundnir skilorði vegna sérstakra aðstæðna hennar.

Þann 28. apríl 2011 var höfðað sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands gegn lögregluvarðstjóranum S fyrir brot í opinberu starfi, með því að hafa sumarið 2010 farið offari við framkvæmd lögreglustarfans og ekki gætt lögmætra aðferða sem stjórnandi lögregluaðgerðar þegar S fyrirskipaði öðrum lögreglumönnum að aka með handtekinn ölvaðan mann frá mótssvæði í Galtalæk í Rangárþingi ytra, rúmlega fjögurra kílómetra leið frá Galtalæk og skilja hann þar eftir í námunda við sumarbústað í Landsveit. Maðurinn knúði dyra og reyndi inngöngu í sumarbústað með þeim afleiðingum að þeir sem þar dvöldust kölluðu eftir aðstoð lögreglu. Lögregluvarstjórinn S ók þá manninum frá sumarbústaðnum áleiðis að Galtalæk, þar sem hann var skilinn eftir á Landvegi, um miðja vegu á milli bústaðarins og Galtalækjar. Var þessi háttsemi talin varða við 132. gr. almennra hegningarlaga. Með Héraðsdómi Suðurlands, í málinu nr. S-212/2011, uppkveðnum þann 15. júlí 2011, var ákærði S sýknaður í málinu, m.a. með vísan til 1. mgr. 15. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, þar sem kveðið á um að lögreglu sé heimilt að hafa afskipti af borgurunum til að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu eða koma í veg fyrir yfirvofandi röskun, til að gæta öryggis einstaklinga eða almennings, eða til að afstýra afbrotum eða stöðva þau. Þá vísaði héraðsdómur til 2. mgr. 15. greinarinnar þar sem segir að í þessu skyni sé lögreglu m.a. heimilt að vísa á brott eða fjarlægja fólk. Þar sem mikill mannfjöldi var í Galtalækjarskógi umrædda nótt og fámennt lögreglulið var á svæðinu var háttsemi lögregluvarðstjórans S talin vera í anda meðalhófs og innan heimilda 15. gr. lögreglulaga.

# 4. kafli

# Erlent samstarf

## 4.1. Samstarf ríkissaksóknara Norðurlandanna

Árlegur fundur ríkissaksóknara á Norðurlöndum var haldinn í Osló 25. – 27. júní 2012. Þriðjudaginn 26. júní var haldinn sameiginlegur fundur ríkissaksóknaranna og dómsmálaráðherra á Norðurlöndum. Á fundi ríkissaksóknaranna og ráðherranna voru sérstaklega ræddir fjórir málaflokkar; brot ungmenna, heimilisofbeldi, nauðganir og reynsla Norrænnar lögreglu og ákæruvalds af rannsókn stríðsglæpamála. Á fundi ríkissaksóknaranna fengu gestirnir ítarlega umfjöllun norska ríkissaksóknarans um hryðjuverkaárásina í Utey 22. júlí 2011 og þau álitaefni sem uppi voru í því máli, einkum varðandi sakhæfi ákærða. Auk þessa var fjallað um refsiákvarðanir í fíkniefnamálum, mansal, hatursglæpi og finnski ríkissaksóknarinn kynnti stefnumótun ákæruvaldsins þar í landi. Fundurinn var að venju sóttur af 2-4 fulltrúum frá hverju landi. Af Íslands hálfu sóttu fundinn Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari og Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari..

## 4.2. Evrópska réttaraðstoðin (Eurojust)

Hinn 2. desember 2005 undirritaði dómsmálaráðherra fyrir Íslands hönd samstarfssamning við Evrópsku réttaraðstoðina, Eurojust, sem hefur aðsetur í Haag. Eurojust er ætlað að styðja við rannsókn og saksókn mála sem varða alvarlega fjölþjóðlega brotastarfsemi. Meginhlutverk stofnunarinnar er að efla samvinnu og auðvelda samræmingu aðgerða saksóknara og lögregluyfirvalda þegar mál varða fleiri en eitt aðildarríki. Ríkissaksóknari annast samskipti við Eurojust af Íslands hálfu. Starfsemi Eurojust er stjórnað af stjórnarnefnd (college) sem er skipuð fulltrúa frá hverju aðildarríki Evrópusambandsins. Nefndarmenn eru ákærendur og er þeim ætlað að auðvelda samráð og upplýsingaskipti milli yfirvalda í aðildarríkjunum og greiða þannig fyrir rannsókn og saksókn mála. Gert er ráð fyrir því að íslenskur saksóknari vinni með stjórnarnefndinni að málum sem kunna að koma upp og varða Ísland. Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari er tengiliður ríkissaksóknara við Eurojust.

## 4.3. European Judicial Network

European Judicial Network (EJN) er heiti samstarfs dómsmálayfirvalda Evrópusambandsríkja, með skrifstofu í Haag, sem felur í sér að tilnefndir eru tengiliðir, ákærendur í aðildarríkjunum, til að auðvelda samskipti við meðferð sakamála sem teygja sig til fleiri landa. Reglulegir fundir eru haldnir tvisvar á ári. Fundirnir voru ekki sóttir af hálfu ríkissaksóknara þetta árið vegna anna.  Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari er tengiliður ríkissaksóknara við EJN.

## 4.4. Evrópusamstarf ríkissaksóknara

Consultative Council of European Prosecutors – CCPE

Á vettvangi Evrópuráðsins hefur verið komið á fót ráðgefandi nefnd um málefni ákæruvaldsins Consultative Council of European Prosecutors – CCPE. Eitt meginmarkmið nefndarinnar eða ráðsins sem skipað er háttsettum saksóknurum frá aðildarríkjunum, er að framfylgja tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins frá október 2000 um hlutverk ákæruvaldsins í réttarvörslukerfinu (Rec (2000)19). Fundur CCPE var ekki sóttur árið 2012 vegna anna hjá starfsmönnum embættisins. Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari er fulltrúi ríkissaksóknara í CCPE.

Eurojustice

Árleg ráðstefna ríkissaksóknara í Evrópu, Eurojustice, sem starfar á vegum Evrópusambandsins var ekki sótt af ríkissaksóknara árið 2012.

## 4.5. Alþjóðasamtök saksóknara (IAP)

Ríkissaksóknari er í Alþjóðasamtökum saksóknara, International Association of Prosecutors (IAP). Samtökin voru stofnuð í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í Vín árið 1995 og er skrifstofa þeirra í Haag. Samtökin eiga áheyrnarfulltrúa á fundum Evrópuráðsins sem varða málefni ákæruvaldsins og á fundum efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Þau standa árlega fyrir ráðstefnum, fundum og námskeiðum um refsiréttar- og réttarfarsmálefni. Þá gefa samtökin út ritröð, verklagsreglur um rannsókn og saksókn í tilteknum brotaflokkum. Árleg ráðstefna IAP sú 17. var haldin í Bangkok í Tailandi 29. október – 1. nóvember 2012. Þá eru haldnir staðbundnari fundir svo sem innan Evrópu, fyrir félaga á því svæði.

## 4.6. Beiðnir um framsal sakamanna og réttaraðstoð

Samkvæmt lögum nr. 13/1984 um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum sendir innanríkisráðuneytið ríkissaksóknara beiðnir erlendra ríkja um framsal sakamanna. Ríkissaksóknara ber að sjá um að nauðsynleg rannsókn fari fram og sendir síðan ráðuneytinu gögn málsins ásamt álitsgerð um það. Ráðuneytið tekur í framhaldinu ákvörðun um

framsal. Ríkissaksóknari sækir einnig framsalsmál fyrir dómi, komi til þess að viðkomandi krefjist úrskurðar héraðsdóms um skilyrði framsals í kjölfar ákvörðunar ráðuneytisins um að verða við framsalsbeiðni.

Á árinu voru til meðferðar alls 16 framsalsmál, en þar af voru fjögur mál frá fyrra ári og 12 sem bárust embættinu árið 2012. Beiðnir um framsal geta annað hvort verið vegna gruns um refsiverða háttsemi, þ.e. óskað er eftir framsali til meðferðar sakamáls í hinu erlenda ríki, eða til fullnustu fangelsisrefsingar, sem dæmd hefur verið af dómstóli í hinu erlenda ríki. Af þeim málum sem bárust embættinu á árinu voru fjögur vegna beiðna til meðferðar sakamáls og sjö til fullnustu refsingar en að auki varðaði beiðnin í einu máli hvort tveggja. Í öllum þessum málum komst ríkissaksóknari að þeirri niðurstöðu í álitsgerð til ráðuneytisins að skilyrði framsals væru fyrir hendi, en skilyrðin voru að hluta til talin vera fyrir hendi í sumum þeirra en slíkt telst nægjanlegt til framsals. Ráðuneytið tók ákvörðun um að verða við beiðni um framsal í 11 af hinum 12 málum en framsalsbeiðni var synjað í einu máli vegna mannúðarástæðna, sbr. 7. gr. framsalslaga, en þar var um að ræða mann sem glímdi við mjög alvarleg veikindi. Öllum málunum, þar sem ráðuneytið tók ákvörðun um að verða við framsalsbeiðni, var skotið til dóms af hálfu hins eftirlýsta. Ákvörðun innanríkisráðherra var staðfest í 10 málum á báðum dómstigum en héraðsdómur úrskurðaði í einu máli að skilyrði framsals væru ekki fyrir hendi vegna fyrningar. Sá úrskurður var ekki kærður til Hæstaréttar af hálfu ríkissaksóknara. Framsal var framkvæmt í níu málum af þeim framangreindu 10 málum sem fóru í gegnum dómskerfið en í einu máli var framsalsbeiðnin, sem var til fullnustu refsingar, afturkölluð af hinu erlenda ríki áður en til framsals kom.

Á þriðja tug beiðna bárust embætti ríkissaksóknara frá erlendum yfirvöldum um aðstoð við rekstur sakamála á árinu. Innanríkisráðuneytið sendir ríkissaksóknara beiðnir þessar samkvæmt lögum nr. 13/1984 og hlutast ríkissaksóknari til um að rannsókn fari fram. Að rannsókn lokinni sendir ríkissaksóknari innanríkisráðuneytinu rannsóknargögn málsins. Beiðnirnar sem bárust á árinu voru af ýmsum toga og ber þar helst að nefna óskir um skýrslutöku af vitnum eða sakborningum og öflun skjallegra gagna.

## 4.7. Norræn handtökuskipun

Þann 16. október 2012 gengu í gildi lög nr. 12/2010 um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða (norræn handtökuskipun). Með lögunum gekk í gildi nýtt kerfi hér á landi og leystu þau af hólmi lög nr. 7/1962 um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, en fram að því höfðu gilt sérlög um framsal milli þessara ríkja gagnvart hinum almennu framsalslögum nr. 13/1984. Eins og segir í almennum athugasemdum í greinargerðinni sem fygldi frumvarpinu að lögum nr. 12/2010 er afhendingarkerfinu ætlað að vera einfaldara og skilvirkara um afhendingu sakamanna milli Norðurlandaríkjanna en var með framsalskerfinu og byggjast lögin á samningi milli ríkjanna um afhendingu vegna refsiverðrar háttsemi milli Norðurlandanna, sem undirritaður var 15. desember 2005. Í greinargerðinni segir að samningurinn byggist á afnámi framsalskerfisins, sem var valkvætt um framsal, og upptöku fyrirkomulags um afhendingu þar sem byggt er á gagnkvæmri viðurkenningu á ákvörðunum dómsmálayfirvalda ríkjanna. Er kerfi norrænnar handtökuskipunar sambærilegt hinu evrópska kerfi um evrópska handtökuskipun, en það hefur ekki tekið gildi hér á landi.

Með hinu nýja kerfi kemur norræn handtökuskipun í stað venjubundinnar framsalsbeiðni og skylda er á ríkinu sem móttekur norræna handtökuskipun að handtaka og afhenda eftirlýstan mann ríkinu sem gaf handtökuskipunina út, nema til staðar séu nánar tilgreindar synjunarástæður. Þá er það nýtt í afhendingarkerfinu að ráðuneyti dómsmála koma ekki að málum heldur er miðað við að ákæruvaldið, eða önnur stjórnvöld sem tilnefnd eru, skuli gefa handtökuskipunina út, taka á móti og fjalla um hana og taka ákvörðun um hvort að orðið skuli við afhendingu eða ekki. Ef eftirlýstur maður samþykkir ekki afhendingu ber að leggja norrænu handtökuskipunina fyrir dómstól sem úrskurðar um hvort skilyrði afhendingar eru fyrir hendi. Samkvæmt lögum nr. 12/2010 hefur ríkissaksóknari það hlutverk að taka á móti og hafa til meðferðar mál vegna norrænna handtökuskipana, þ.m.t. taka ákvörðun um afhendingu og reka mál fyrir dómi. Þá er útgáfa norrænnar handtökuskipunar til annarra ríkja í höndum ríkissaksóknara. Segja má að með þessu sé til kominn nýr málaflokkur hjá ríkissaksóknara og búast má við að með þessu einfaldara og skilvirkara kerfi muni málum um afhendingu manna milli Íslands og annarra Norðurlanda fjölga frá því sem var í gildistíð framsalslaganna nr. 7/1962.

Þegar örfáum dögum eftir gildistöku laga nr. 12/2010 gaf ríkissaksóknari út norræna handtökuskipun á hendur manni til fullnustu á fangelsisrefsingu en hann hafði verið dæmdur með þremur dómum og átti óafplánuð samtals þrjú ár, átta mánuði og 21 dag í fangelsi. Maðurinn var afhentur frá Danmörku sex vikum eftir útgáfu handtökuskipunarinnar.

# 5. kafli

# Löggjafarmálefni

## 5.1. Almenn hegningarlög

Með lögum nr. 58/2012, sem tóku gildi 27. júní 2012, voru gerðar nokkrar breytingar á almennum hegningarlögum o.fl. í tilefni af fullgildingu á samningi Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun. Breyting var gerð á 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. sem felur í sér að fyrning vegna brota gegn 2. og 4. mgr. 206. gr., 1. mgr. 210. gr. b., 218. gr. a. og 2. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. hefst ekki fyrr en við 18 ára aldur brotaþola. Þá var gerð breyting á 4. mgr. 202. gr. en það varðar fangelsi allt að tveimur árum að mæla sér mót við barn með samskiptum á netinu, með annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni eða með öðrum hætti í því skyni að hafa við barnið samræði eða önnur kynferðismök eða áreita það kynferðislega á annan hátt. Hið eldra barnaklámsákvæði, 4. mgr. 210. gr., var fellt út og lögfest nýtt ákvæði, 210. gr. a., með nákvæmara ákvæði um barnaklám, þar á meðal þegar líkt er eftir barni í klámefni (barngerving). Einnig var lögfest nýtt ákvæði, 210. gr. b., og varðar það fangelsi allt að tveimur árum, en allt að sex árum ef brot er stórfellt, ef maður ræður barn til að taka þátt í nektar- eða klámsýningu o.fl. Þá voru gerðar breytingar á refsilögsögureglum í því skyni að tryggja að íslensk löggjöf fullnægi kröfum sem framangreindur samningur Evrópuráðsins gerir um refsilögsögu ríkja. Annars vegar með því að breyta 3. mgr. 5. gr. þannig að undantekning frá skilyrði 2. tölul. 1. mgr. sömu greinar, um gagnkvæmt refsinæmi brota sem íslenskir ríkisborgarar og menn, búsettir hér á landi, fremja erlendis, tekur einnig til brota gegn 2. – 4. mgr. 206. gr., 1. mgr. 210. gr. b., 218. gr. a. og 2. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. Hins vegar með því að bæta við nýjum tölulið við 6. gr. þannig að unnt er að refsa eftir íslenskum hegningarlögum fyrir háttsemi sem greinir í samningnum jafnvel þótt brotið sem um ræðir hafi verið framið utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver hefur verið að því valdur.

## 5.2 Lög um menningarminjar

Með lögum nr. 80/2012, sem tóku gildi 1. janúar 2013, voru sett lög um menningarminjar sem felldu úr gildi lög nr. 104/2001, um húsafriðun, lög nr. 105/2001, um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, og þjóðminjalög nr. 107/2001. Í 56. gr. laganna er kveðið á um að það varði fésektum ef brotið er gegn nokkrum ákvæðum laganna sem talin eru upp í lagagreininni enda liggi ekki við þyngri refsing samkvæmt 177. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Meðal þess sem telst refsivert samkvæmt lögum um menningarminjar er ef brotið er gegn reglum sem gilda um skráningu fornleifa, húsa og annarra mannvirkja eða ef skemmdum er valdið á fornleifum eða svæðum og merkingum á svæðum sem eru friðhelg. Einnig varðar það sektum ef hafnar eru framkvæmdir á svæði þar sem fornleifar eru án þess að fyrir liggi leyfi Minjastofnunar Íslands. Þá varðar það einnig sektum ef vanrækt er að skýra minjastofnun um fund fornleifa eða ef haggað er við fundi fornleifa eða lausir hlutir eru fjarlægðir úr fornleifafundi.

## 5.3 Lög um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála

Með lögum nr. 119/2012, sem tóku gildi 5. desember 2012, voru gerðar stjórnkerfisbreytingar á sviði samgöngumála. Með lögunum var sett á laggirnar ný stofnun, Samgöngustofa, sem fer með stjórnsýslu og eftirlit sem lýtur að flugmálum, hafnamálum og málum sem varða sjóvarnir, siglingamálum, umferðarmálum og vegamálum. Stofnunin hóf starfsemi sína 1. júlí 2013. Með breytingunni voru Siglingastofnun Íslands, Flugmálastjórn Íslands og Umferðarstofa lagðar niður og þá voru stjórnsýsluverkefni Vegagerðarinnar færð til hinnar nýju stofnunar, þar með talið umferðareftirlit. Samhliða voru sett ný lög, nr. 120/2012, um Vegagerðina, en hlutverk þeirrar stofnunar eftir lagabreytinguna er að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins samkvæmt lögum nr. 120/2012 og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir.

## 5.4 Upplýsingalög

Með upplýsingalögum nr. 140/2012, sem tóku gildi 1. janúar 2013, voru sett ný heildarlög um upplýsingarétt almennings o.fl. sem leystu af hólmi eldri upplýsingalög nr. 50/1996. Í I. kafla laganna er fjallað um markmið og gildissvið laganna en þau ákvæði marka lögunum nokkuð rýmra gildissvið en eldri upplýsingalög. Hin nýju lög fela þó ekki í sér breytingu frá eldri lögum um að upplýsingalög gildi ekki um rannsókn sakamáls eða saksókn. Um aðgang að gögnum í slíkum málum fer að sérákvæðum laga um meðferð sakamála. Þá gilda upplýsingalög ekki um aðgang að upplýsingum samkvæmt stjórnsýslulögum. Í II. kafla er að finna meginreglu laganna um upplýsingarétt almennings, auk helstu undantekninga frá henni. Lögin gera ráð fyrir fáum og einföldum undantekningum og að tryggðir verði mikilvægustu almanna- og einkahagsmunir. Þó eru undantekningarnar að nokkru leyti ítarlegri og fleiri en kveðið var á um í eldri lögum. Í III. kafla er að finna ákvæði um aðgang aðila máls að upplýsingum um hann sjálfan. Í IV. kafla er fjallað um málsmeðferð við afgreiðslu beiðna um aðgang að gögnum. Í V. kafla er fjallað um starfsemi úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Að langstærstum hluta eru þau ákvæði sem lúta að starfsemi hennar óbreytt frá eldri lögum. Í VI. kafla er fjallað um skráningu mála og upplýsinga. Í VII. kafla er fjallað um endurnot opinberra upplýsinga. Í VIII. kafla er kveðið á um heimild stjórnvalda til að veita aðgang að gögnum í rannsóknarskyni, þar með talin gögn sem almennt væri óheimilt að veita aðgang að vegna þagnarskyldureglna.

## 5.6. Umsagnir um lagafrumvörp o.fl.

Árið 2012 gaf ríkissaksóknari umsagnir um eftirfarandi lagafrumvörp sem send voru embættinu:

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð sakamála (skilyrði fyrir beitingu símahlustunar), 292. mál.

Frumvarp til umferðarlaga (heildarlög), 179. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (heimild til upptöku ólögmæts ávinnings, 137. mál.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð sakamála (auknar rannsóknarheimildir), 622. mál.

Frumvarp til almennra hegningarlaga (varnir gegn kynferðislegri misnotkun barna), 344. mál.

Umsagnirnar er að finna á vef Alþingis.

**Að auki bárust embættinu til umsagnar eftirgreind frumvörp án þess að tekin væri afstaða til þeirra eða gerðar sérstakar athugasemdir við frumvörpin.**

Frumvarp til laga um opinber innkaup, 288. mál.

Frumvarp til laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið (rýmri fánatími og notkun fánans í markaðssetningu), 39. mál.

Frumvarp til laga um útgáfu og meðferð rafeyris, 216. mál.

Frumvarp til laga um almenn hegningarlög (mútubrot), 130. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, 173. mál.

Frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 155. mál.

Frumvarp til laga um neytendalán, 220. mál.

Frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, 161. mál.

Frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestingasjóði (EES-reglur), 106. mál.

Frumvarp til laga um bókhald (texti bókhaldsbóka og ársreikninga, skoðunarmenn, endurskoðendur, EES-reglur), 93. mál.

Frumvarp til laga um ársreikninga (skoðunarmenn, endurskoðendur, EES-reglur o.fl.), 94. mál.

Frumvarp til innheimtulaga, 103. mál.

Frumvarp til laga um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum (greiðslukerfi og verðbréfauppgjörskerfi, EES-reglur), 92. mál.

Frumvarp til laga um dómstóla o.fl. (endurupptökunefnd), 12. mál.

Frumvarp til laga um barnaverndarlög (frestun tilfærslu heimila og stofnana fyrir börn), 65. mál.

Frumvarp til lögreglulaga (fækkun umdæma o.fl.), 739. mál.

Frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu í héraði (heildarlög), 738. mál.

Frumvarp til laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota (hækkun hámarksgreiðslna o.fl.), 686. mál.

Frumvarp til laga um dómstóla (aðstoðarmenn dómara), 683. mál.

Frumvarp til laga um gjaldeyrismál (rýmkun heimilda o.fl.), 731. mál.

Frumvarp til laga um neytendalán (heildarlög, EES-reglur), 704. mál.

Frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili (kæruheimild), 267. mál.

Frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén (heildarlög), 268. mál.

Frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (raunverulegur eigandi, viðurkennd persónuskilríki o.fl., EES-reglur), 278. mál.

**Þá gaf ríkissaksóknari umsögn um eftirfarandi tillögu til þingsályktunar:**

Þingsályktun um fullgildingu Evrópuráðssamnings um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun, 341. mál. Umsögnina er að finna á vef Alþingis.

Ekki þóttu efni til að veita umsagnir um fimm aðrar þingsályktunartillögur sem bárust embættinu.

# 6. kafli

# Starfsmenn ríkissasóknara

Löglærðir starfsmenn við embætti ríkissaksóknara voru þann 31. desember 2012:
Sigríður J. Friðjónsdóttir, ríkissaksóknari
Helgi Magnús Gunnarsson, vararíkissaksóknari
Sigríður Elsa Kjartansdóttir, saksóknari (í leyfi)
Daði Kristjánsson, saksóknari (í leyfi)
Kolbrún Benediktsdóttir, saksóknari
Hulda Elsa Björgvinsdóttir, saksóknari
Hulda María Stefánsdóttir, saksóknari
Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir, settur saksóknari
Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir, aðstoðarsaksóknari
Einar Tryggvason, aðstoðarsaksóknari
Óli Ingi Ólason, aðstoðarsaksóknari

Fimm starfsmenn voru á skrifstofu embættisins:
Jenný Heiða Björnsdóttir, skrifstofustjóri
Sigríður Einarsdóttir Laxness, ritari
Kristín Herdís Bjarnadóttir, ritari
Sólrún Guðmundsdóttir, ritari
Sigríður Ásta Klörudóttir, ritari

Samkvæmt framangreindu voru 14 starfsmenn við embætti ríkissaksóknara
þann 31. desember sl., 11 konur og 3 karlar.

# 7. kafli

# Siðareglur ákærenda

Að tilhlutan Evrópuráðsins hefur Ráðstefna evrópskra ríkissaksóknara samþykkt leiðbeinandi siðareglur fyrir ákærendur.

## Ráðstefna evrópskar saksóknara

*(Þýðing úr ensku)*

**EVRÓPURÁÐIÐ**

Strasbourg, 31. maí 2005.

# RÁÐSTEFNA EVRÓPSKRA RÍKISSAKSÓKNARA 6. FUNDUR

skipulagður af Evrópuráðinu í samvinnu við ríkissaksóknara Ungverjalands

**Búdapest, 29.-31. maí 2005**

Hús þjóðþingsins
Hótel Margitsziget Termál

EVRÓPSKAR LEIÐBEININGARREGLUR UM SIÐI OG BREYTNI OPINBERRA ÁKÆRENDA

# „BÚDAPESTREGLURNAR“

Samþykktar af ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara 31. maí 2005
http://www.coe.int/prosecutors/

## Inngangur

1. Opinberir ákærendur fara með lykilhlutverk í refsivörslukerfinu, og í sumum löndum eru þeim ennfremur falin ýmis önnur verkefni, svo sem á sviði viðskipta, einkamálaréttar eða stjórnsýsluréttar, sem almennum gæslumönnum laga og réttar.

2. Með þetta í huga hefur Ráðstefna evrópskra ríkissaksóknara sannfærst um að hvetja beri til þess að opinberum ákærendum séu skilgreindar sameiginlegar meginreglur, og hefur ráðstefnan á allsherjarfundi sínum í Búdapest í maí 2005 samþykkt eftirfarandi leiðbeiningarreglur um siði og breytni opinberra ákærenda.

3. Samkvæmt tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. Rec (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu, sem er grundvallarskjal Ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara, fara opinberir ákærendur með opinbert vald og tryggja fyrir hönd samfélagsins og í almannaþágu að lögum sé beitt þegar brot gegn þeim hefur í för með sér refsiviðurlög, og taka þeir í því starfi tillit til bæði réttinda hins einstaka manns og nauðsynlegrar skilvirkni refsivörslukerfisins.

4. Í öllum refsivörslukerfum ákveða opinberir ákærendur hvort sakamál skuli höfðað eða því haldið áfram, sækja mál fyrir dómstólum, og geta enn fremur áfrýjað dómsúrlausnum, sumum eða öllum.

5. Leiðbeiningarreglurnar eru ekki bindandi fyrir handhafa ákæruvalds í hinum einstöku löndum, heldur ber að líta svo á að þær setji fram almenn meginsjónarmið sem yfirleitt er fallist á hvað snertir störf opinberra ákærenda, og sem telja má að feli í sér leiðbeiningar innanlands um álitaefni er varða siðferðilega rétta breytni og áþekk atriði.

6. Í leiðbeiningarreglunum eru sett fram viðmið um hátterni og starfshætti sem krafist er af öllum ákærendum er starfa hjá eða á vegum handhafa opinbers ákæruvalds.

7. Til að tryggja að opinberum ákærendum sé unnt að fullnægja starfsskyldum sínum sjálfstætt og í samræmi við leiðbeiningarreglur þessar minnir ráðstefnan á þau öryggisatriði sem fjallað er um i 4.-10. lið tilmæla nr. (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu.

## I. Grundvallarskyldur

**Opinberum ákærendum ber ávallt, hvernig sem á stendur**

- að vinna störf sín, þar á meðal að sinna skyldu sinni til aðgerða, í samræmi við viðeigandi landslög og alþjóðalög,
- að vinna störf sín af sanngirni, hlutleysi og samkvæmni, og með hæfilegum hraða,
- að virða, vernda og halda uppi mannlegri reisn og mannréttindum,
- að taka tillit til þess að þeir starfa fyrir hönd samfélagsins og í þágu almannahags,
- að leitast við að ná sanngjörnu jafnvægi milli almennra samfélagshagsmuna og hagsmuna og réttinda einstaklingsins.

## II. Almennt um faglega breytni

**Opinberum ákærendum ber ávallt að gera hæstu faglegar kröfur, og**

a. ávallt gæta heiðurs og virðingar starfs síns,
b. ávallt sýna faglega breytni,
c. ávallt gæta ýtrustu krafna hvað snertir heiðarleika og vandvirkni,
d. vinna störf sín á grundvelli mats síns á atvikum og lögum samkvæmt, án nokkurra óviðkomandi áhrifa,
e. halda sér vel upplýstum og viðhalda starfsfærni sinni og þekkingu á lagalegri og félagslegri framvindu,
f. kappkosta að vera hlutlausir og vera reyndir að því að gæta hlutleysis og samræmis í störfum, þar á meðal með því að setja fram og birta almennar leiðbeiningarreglur, meginreglur og viðmið eins og fjallað er um í lið 36 a í tilmælum nr. Rec (2000) 19 til leiðsagnar við störf sín sem einstaklingar og sem heild, og stuðla þar sem það á við að umræðum og hópstarfi,
g. vinna störf sín af sanngirni og án ótta, vildar eða fordóma,
h. leiða hjá sér einstaklingsbundna og hópbundna hagsmuni og þrýsting frá almenningi eða fjölmiðlum,
i. virða jafnrétti allra fyrir lögum og sýna engum mismunun á grundvelli atriða á borð við kynferði, kynþátt, hörundslit, tungu, trú, stjórnmálaskoðun eða aðrar skoðanir, kynhneigð, þjóðernislegan eða félagslegan uppruna, tengsl við þjóðernisminnihluta, eignir, ætterni, heilsufar, fötlun eða aðra stöðu,
j. virða trúnað um það sem leynt á að fara í starfi,
k. hafa í huga sjónarmið, réttmæta hagsmuni, einkalíf og hugsanleg áhyggjuefni fólks sem þeir kunna að hafa afskipti af í starfi,
l. leitast við að tryggja að einstaklingum séu á fullnægjandi hátt kynnt réttindi sín og réttarstaða, að því marki sem það fellur undir verksvið opinbers ákæranda,
m. koma fram í dómi og gagnvart lögreglu og öðrum yfirvöldum, svo og gagnvart öðrum í stétt lögmanna, af virðingu og kurteisi,
n. veita aðstoð opinberum ákærendum og yfirvöldum í öðrum löndum samkvæmt lögum og til að stuðla sem mest að alþjóðlegri samvinnu,
o. leyfa ekki persónulegum eða fjárhagslegum hagsmunum opinbers ákæranda, eða fjölskyldutengslum, félagslegum tengslum eða öðrum tengslum hans, að hafa áhrif á breytni hans í starfi. Sérstaklega ber þeim ekki að vinna störf opinbers ákæranda í málum þar sem þeir, skyldmenni þeirra eða félagar í viðskiptum hafa persónulegra, einstaklingsbundinna eða fjárhagslegra hagsmuna eða tengsla að gæta.

## III. Fagleg breytni varðandi rekstur refsimála

**Í starfi er varðar rekstur refsimáls ber opinberum ákærendum ávallt að**

a. virða grundvallarregluna um réttláta málsmeðferð eins og hún kemur fram í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu,
b. rækja störf sín af sanngirni og hlutleysi, málefnalega, og sjálfstætt innan þess ramma sem lög kunna að kveða á um,
c. leitast við að tryggja að refsivörslukerfið starfi eins greiðlega og unnt er og í samræmi við kröfur réttvísinnar,
d. virða þá reglu að maður telst saklaus þar til sekt hans er sönnuð,
e. leitast við að tryggja að allar nauðsynlegar og eðlilegar rannsókir og athuganir fari fram eða hafi farið fram áður en ákvarðanir eru teknar um að höfða mál eða höfða ekki mál, eða aðrar ákvarðanir sem kunna að hafa árhif á gang réttvísinnar,
f. taka tillit til allra viðeigandi aðstæðna í máli, þar á meðal þeirra sem varða hinn grunaða, hvort sem þær eru honum í hag eða í óhag,
g. höfða ekki mál og halda ekki máli til steitu þegar hlutlaus rannsókn sýnir að sakargift er ekki á rökum reist,
h. sækja mál af ákveðni en sanngirni, og ekki umfram það sem sönnunargögn benda til,
i. athuga möguleg sönnunargögn með tilliti til þess hvort þeirra hafi verið löglega aflað,
j. hafna notkun sönnunargagna sem með rökum má telja að hafi verið aflað ólöglega þannig að alvarlega hafi verið brotið gegn mannréttindum hins grunaða eða annarra, nema gegn þeim sem það gerði,
k. leitast við að tryggja að til viðeigandi aðgerða sé gripið gegn þeim sem slíkum aðferðum hafa beitt,
l. gæta reglunnar um jafna stöðu málsaðila, sérstaklega með því að veita hinum ákærða eða verjanda hans upplýsingar að því marki sem lög leyfa og samræmist réttlátri málsmeðferð,
m. taka réttmætt tillit til hagsmuna vitna og brotaþola,
n. aðstoða dóminn við að komast að réttlátri niðurstöðu,
o. taka ákvarðanir á grundvelli óhlutdrægs og faglegs mats á þeim sönnunargögnum sem fyrir hendi eru.

## IV. Breytni í einkalífi

a. Opinberir ákærendur mega með athöfnum í einkalífi sínu hvorki stefna í hættu heiðarleika ákæruvaldsins, réttsýni þess eða óhlutdrægni, né þeirri ímynd heiðarleika, réttsýni og óhlutdrægni sem það kann að njóta.
b. Opinberir ákærendur skulu ávallt virða lög og hlýða lögum.
c. Opinberum ákærendum ber að sýna breytni sem stuðlar að og heldur við trausti almennings á starfi þeirra.
d. Opinberir ákærendur mega ekki nýta upplýsingar sem þeir kunna að hafa haft aðgang að í starfi sínu með óréttmætum hætti í þágu einstaklingsbundinna hagsmuna þeirra sjálfra eða annarra.
e. Opinberir ákærendur mega ekki veita viðtöku neinum gjöfum, verðlaunum, hlunnindum, fyrirgreiðslum eða þægindum frá þriðja aðila eða vinna nein þau verk sem telja má að stefni í hættu heiðarleika þeirra, réttsýni og óhlutdrægni.

[1] Leiðbeiningarreglur þessar sækja einkum fyrirmyndir til
- Evrópusamnings um vernd mannréttinda og mannfrelsis,
- Tilmæla nr. Rec (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu,
- Tilmæla nr. Rec (2000) 10 um siðareglur fyrir opinbera starfsmenn,
- Leiðbeiningarreglna um störf saksóknara, samþykktra af 8. þingi Sameinuðu þjóðanna um fyrirbyggingu afbrota og meðferð sakamanna (Havana, 27. ágúst til 7. september 1990),
- annarra viðeigandi siðareglna og starfsreglna sem lagðar hafa verið til eða samþykktar af opinberum aðilum eða samtökum einkaaðila og alþjóðlegum samtökum.

**Hönnun:** Sigrún Einarsdótir, sigruneina@internet.is • **Umbrot:** Svansprent

Ríkissaksóknari • Hverfisgötu 6 • 150 Reykjavík • sími 530 1600 • www.rikissaksoknari.is